



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...



Miðvikudagur 25. júní 2008 – 26. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

**Carnegie Art Award**  
List og fjármál eiga samleið



**Síminn í Danmörku**  
6 Traust danskt vörumerki



**Frístundin**  
Drekkur kaffi og hjólar



14

## Milljarðar í Gift til Kaupfélaganna

Fimmtán kaupfélög skipta með sér milljarða eignum, þegar hlutur Sambands íslenskra samvinnufélaga í fjárfestingarfélaginu Gift liggur fyrir.

Félagsmenn í kaupfélagunum eru hátt í þrjátíu þúsund.

Samvinnusjóðurinn verður stærsti hluthafinn í Gift og á að líkindum þriðjung. Þangað hafa runnið réttindi þeirra sem tryggðu hjá Samvinnutryggingum en hafa fallið frá eða orðið gjaldþrota.

Sambandið verður næststærsti hluthafinn, en óvíst er hversu stór hluturinn verður.

Gift á miklar eignir, meðal annars í Icelandair, Exista og Kaupþingi. Eigi Sambandið tíu prósent í Gift, er verðmæti óbeins eignarhlutar þess í félagunum þremur á bilinu tveir til þrjár milljarðar króna. Gift á raunar meira.

Guðsteinn Einarsson, stjórnarformaður Sambandsins, segir að enn sem komið er sé þó erfitt að fullyrða nokkuð um hagnað. Þá verði jafnframt að taka tillit til skulda.

- íkh / sjá síður 8-9

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Kína hækkar eldsneyti** | Stjórnvöld í Kína ákváðu í síðustu viku að hækka verð á eldsneyti og dísilolíu um átján prósent. Markmiðið er að draga úr eldsneytiskaupum og slá á verðbólgu í landinu.

**300 fjármálamenn handteknir** | Bandaríska alríkislögreglan handtók í síðustu viku um þrjú hundruð starfsmenn fjármálastofnana, sem grunaðir eru um að hafa sviðið út gríðarlegar upphæðir í fasteignalánum. Á sama tíma voru tveir fyrrverandi sjóðsstjórnar hjá Bear Stearns handteknir vegna gruns um sviksamlegt athæfi í verðbréfavíðskiptum og fyrir að leyndu upplýsingum sem leiddu til að sjóðir þeirra lentu í þroti.



**Metverð á áli** | Álverð hefur farið hækkandi undanfarið og náði sínu hæsta gildi í rúma þrjá mánuði er verð á áltonninu fór upp í 3.169 Bandaríkjadali á mánudag. Verðið er ekki fjarri núverandi meti sem slegið var 2006 þegar tonnið kostaði 3.310 dali.

**Neyðarfundur um olíukreppu** | Gjá hefur myndast milli olíusölu-ríkja og kaupenda á Vesturlöndum vegna deilna um hvað valdi síhækkandi olíuverði á heimsmarkaði. Neyðarfundur leiðtoga olíuframleiðsluríkja og helstu iðnríkja heims um olíukreppuna skil- aði litlum árangri á sunnudaginn.

## Stjórnvöld rannsaki gengisfall krónunnar

Einkennileg tilviljun að krónan veikist aftur í lok ársfjórðungs, segir Ólafur Ísleifsson lektor. Minnir á stöðuna í mars, segir forseti ASÍ. Kemur bönkum ekki vel, segir Ingólfur Bender.

**Björn Þór Arnarson**  
skrifar

„Stjórnvöld hljóta fyrir sitt leyti að grennslast fyrir um rætur þessarar veikingar krónunnar. Í svona grunnum markaði er ekki fráleitt að ímynda sér að bankarnir geti haft töluverð áhrif á gengið ef þeir kæra sig um það,“ segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík.

Ólafur tekur undir með þeim sem segja að gengið sé komið langt frá jafnvægi sem sjáist af venjubundnum mælikvörðum. Hann segir að þessi mikla veiking krónunnar sé til marks um ákveðinn skort á trausti á aðgerðum stjórnvalda en hann treysti sér ekki til að fullyrða neitt um það að um samantekin ráð sé að ræða milli bankanna til að styrkja stöðu sína í lok annars ársfjórðungs.

Það sé þó einkennilegu tilviljun að gengi krónunnar hafi veikst töluvert í lok fyrstu tveggja ársfjórðungana og veltir upp þeirri spurningu hvort framvegis verði um að ræða ársfjórðungslegan atburð.

Gengi krónunnar hefur lækkað um riflega tíu prósent í mánuðinum. Frá áramótum hefur gengið lækkað um fjörutíu prósent. Það hrundi í mars og hefur svo tekið skarpa dýfu niður á við undanfarið.

Hallur Magnússon, fyrrverandi sviðsstjóri Íbúðalánasjóðs, er í hópi þeirra sem sett hefur fram kenningu um að bankarnir séu að sanka að sér gjaldeyri til að bæta stöðu sína vegna yfirvofandi sex mánaða uppgjors. „Þetta minnir mig á stöðuna í mars,“ segir Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands. Hann segist þó ekkert hafa í höndunum til að fullyrða að bankarnir þrýsti genginu niður nú.

„Gjaldeyrisstaða bankanna skýrist af vörnum þeirra fyrir gengisbreytingum og áhrifum þeirra á eigið fé. Bankarnir eru að verja fjármálegan stöðugleika sem hér þarf að vera. Gengislækkun er ekki að hjálpa hagkerfinu né stórum hluta viðskiptavina bankanna sem kemur bönkunum ekki vel,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Glitnis.

„Með því að hafa eigin gjaldmiðil búum við yfir sveigjanleika,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í ávarpi á málþingi fjárfesta í Lundúnum í gær. „Ég tel að þegar Seðlabanki Evrópu tekur sínar ákvarðanir í Frankfurt hugsu hann ekki um Ísland,“ sagði Geir.

Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, sagði í viðtali við Ríkisútvarpið að fall krónunnar hefði verið óhjákvæmilegt. Krónan geti ekki haldið sterk til lengdar þegar vaxtamunur við útlönd sé tíu prósent.

## Baugur Group selur Booker

„Okkur fannst rétti tíminn til að selja núna,“ segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs Group.

Breska heildsöluverslunin Booker tilkynnti í gær að Milton, félag í eigu Baugs og Fons, hefði selt 34,1 prósent hlut sinn í henni. „Við innleystum góðan hagnað,“ bætir Gunnar við. Söluandvirði nam 105 milljónum punda, jafnvirði 17,5 milljörðum

króna. Kaupþing Capital Partners keyptu 22 prósent hlut.

Baugur og Fons keyptu Big Food Group ásamt íslensku bönkunum og fleirum árið 2005. Markaðsverðmæti félagsins var 326 milljónir punda. Baugur skipti rekstrinum upp í Booker og Iceland. Booker-keðjan var skráð á AIM-hliðarmarkaðinn í Bretlandi í fyrra. Verðmætið nemur

nú rúmum 300 milljónum punda. „Viðsnúningurinn var frábær,“ segir Gunnar.

Breska dagblaðið Sunday Times sagði um helgina breska fjárfestinn August Munro hafa áhuga á að kaupa Mosaic Fashion, sem afskráð var úr Kauphöllinni í fyrra og er í eigu Baugs. Gunnar segir það tóma vitlesyngi. „Við erum ekki að selja félagið.“

- jhb

**TrackWell**

Tíma- og verkskráning  
Flotastýring og eftirlit

www.trackwell.com

**Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar**

ISK 17,2%\*

GBP 5,5%\*

DKK 4,2%\*

USD 2,9%\*

EUR 4,7%\*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

**Landsbankinn**

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útboðsýsingar og útdráttar úr útboðsýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\* Nafnvöxtun á ársgrundvelli (ACT/ACT) frá 2. maí - 2. júní 2008.

## GENGISÞRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-0,6%	-35,3%
Bakkavör	1,7%	-44,8%
Exista	-4,4%	-57,8%
Glitnir	-0,6%	-26,2%
Eimskipafélagið	-0,5%	-58,8%
Icelandair	5,4%	-44,1%
Kaupþing	3,4%	-10,9%
Landsbankinn	-1,7%	-34,9%
Marel	1,5%	-11,5%
SPRON	-5,2%	-60,4%
Straumur	0,7%	-32,6%
Teymi	0,5%	-64,5%
Össur	0,5%	-5,1%

\*Miðað við lokagengi í Kauphöll á mánudag.

## Hekla styrkir sig í niðursveiflunni

„Ég viðurkenni að reksturinn hefur ekki verið auðveldur upp á síðkastið. Þegar blæs á móti þá gefum við í,“ segir Knútur G. Hauksson, forstjóri bílaumbóðsins Heklu. Hann vísar til aðstæðna í efnahagslífinu.

Hekla hefur tekið upp á þeirri nýbreytni að ráða til sín markþjálfann Mikael Söderman til að bæta fyrirtækið innan frá. Með þjálfuninni er leitast við að þátttakandi verði meðvitaður um eigin hegðun, láti af slæmum vana og reyni að laða fram það besta í samstarfsfólki sínu.

Stefnt er að því að árangurinn skili sér á nokkrum mánuðum.

Hefðbundin þjálfun starfsmanna fer oftast nær fram utan veggja fyrirtækja. Nýbreytingin nú felst í því að Söderman verður einn starfsmanna Heklu og mun hann sinna verki sínu innan veggja þess. „Fyrirtæki eru bara fólk sem vill halda áfram og þróast,“



LÍNURNAR LAGÐAR Sverrir Viðar Hauksson, framkvæmdastjóri Heklu, Mikael Söderman og Knútur G. Hauksson forstjóri, skömmu eftir að Söderman tók til starfa. MARKAÐURINN/STEFÁN

segir Söderman. Neiti fólk að breytast á nokkurn hátt sé hætta á stöðnun. Það sama eigi við um fyrirtæki.

Markaðurinn hefur fengið tækifæri til að fylgjast náið með því hvernig verkinu miðar og mun greina frá því næstu mánuði. - job

## Tryggingafélög enn í plús

Innlend tryggingafélög högnuðust um þrettán og hálfan milljarð króna í fyrra. Þetta er öllu minni hagnaður en árið áður, en þá var hann næstum tuttugu milljarðar. Sjötíu prósent hagnaðarins í fyrra kom til af fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið segir að afkoma tryggingarekstrar hafi batnað umtalsvert frá árinu 2005. Það skýrist meðal annars af hækkingu iðgjalda. Iðgjöld ökutækjatrýgginga hækkuðu um tæplega sextán prósent á föstu verðlagi, en þau fóðra næstum tvo þriðju iðgjalda. - ikh

## FL Group selur fasteignafélög

Fasteignafélögin Eikarhald og Fasteignafélag Íslands hafa verið sameinuð undir nafninu Eik Properties. Félagið verður að mestu í eigu Saxbygg ehf., sem fer með 52 prósent hlut, og Glitnis banka sem fer með 46 prósent hlut í félaginu.

FL Group átti 72 prósent í Eikarhaldi og 32 prósent í Fasteignafélaginu og selur nú allan hlut sinn í þessum félögum.

Heildareignir í hinu nýja félagi eru metnar á 54 milljarða króna eftir því sem næst verður komist. Helstu eignir Fasteignafélags Íslands voru húsnæði Smáralind og Norðurturninn sem nú rís við Smáralindina. Helstu eignir Eikarhalds voru meðal annars atvinnuhúsnæði í Austurstræti og meðal leigjenda þeirra þar eru Landsbankinn og Kaupþing. Húsasmiðjan er einnig einn stærsti leigjandi félagsins.

Eggert Þór Aðalsteinsson, sérfræðingur hjá greiningardeild Kaupþings, segir sölu FL Group á þessum eignum hluta af stefnu félagsins að einbeita sér að kjarnaegnum sínum hérlendis, þ.e. Glitni, Tryggingamiðstöðinni og Landic Property. „Þessir hlutir í Eikarhaldi og Fasteignafélagi Íslands voru greinilega ekki hluti af framtíðarstefnu félagsins. Með þessu dregur FL Group úr skuldssetningu sem er jákvætt



SMÁRALIND Ein af stærstu eignum hins nýja félags Eikar Properties. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

fyrir félagið,“ segir Eggert.

FL Group hefur frá áramótum selt óskráðar eignir fyrir rúma 50 milljarða króna eftir því sem næst verður komist. Aðrar óskráðar eignir sem þeir hafa selt á árinu er hlutur félagsins í Geysi Green Energy fyrir 10,5 milljarða króna auk þess sem þeir seldu Landic Property verkefni í erlendum fasteignasjóðum fyrir um tuttugu milljarða króna.

„Það hefur legið fyrir í töluverðan tíma eftir að við keyptum leiðandi hlut í Landic Property að við værum á leiðinni út úr þessum félögum,“ segir Júlíus Þorfinnsson, forstöðumaður samskiptasviðs FL Group. Aðspurður segir hann ekki hafa staðið til að setja þessi félög inn í Landic Property.

## Century Aluminum þokast í þriðja sæti

Century Aluminum, móðurfélag Norðuráls á Grundartanga, hafði sætaskipti við Glitni á mánudag og varð þriðja stærsta félagið sem skráð er í Kauphöllina sé horft til markaðsverðmætis.

Ekki munar miklu á milli félaga. Markaðsverðmæti Century Aluminum nam 241,4 milljörðum króna í lok dags á mánudag en Glitnis þrjú hundruð milljónum minna. Munurinn minnkaði frekar í gær og höfðu félögin oft sætaskipti.

Greiningardeild Kaupþings bendir á að Century Aluminum hafi notið góðs af 30 prósentu verðhækkun áls á heimsmörkuðum á árinu. Á mánudag stóð það í 3.169 dölum á tonn. Þá á gengisveiking krónu gagnvart Bandaríkjadal hlut að máli auk þess sem markaðsverðmæti bankanna þriggja hefur lækkað töluverð það sem af er ári. Á sama tíma hækkaði gengi bréfa í Century Aluminum um tæp 73 prósent.

Century Aluminum er skráð á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn í Bandaríkjunum en var skráð á First North-hliðarmarkaðinn hér fyrir rúmu ári. - job



Á FYRSTA VIÐSKIPTADEGI Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðgjafi, Logan W. Kruger, forstjóri Century Aluminum, og Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, brostu breitt þegar bjöllunni var hringt fyrir ári. MARKAÐURINN/PJETUR

### VERÐMÆTUSTU FÉLÖGIN\*

Félag	Markaðsverðmæti (í ma kr)
Kaupþing	577,5
Landsbankinn	256,9
Glitnir	240,3
Century Aluminum	239,4
Exista	114,7
Straumur	104,8
Bakkavör	69,0
Tryggingamiðstöðin	51,2
Marel	50,6
Alfesca	41,1

\* Á hádegi í gær

# Fjármálaeftirlitið rannsakar Eimskip

Fjármálaeftirlitið hefur tekið málefni Eimskipafélagsins til skoðunar. Svo virðist sem einhverjir stjórnarmenn í Eimskipafélaginu hafi fáttað um stöðu mála fyrr en í apríl.

Ingimar Karl Helgason  
skrifar

„Málið hefur verið tekið til skoðunar,“ segir Íris Björk Hreinsdóttir, talsmaður Fjármálaeftirlitsins, um afskriftir Eimskipafélagsins á breska dótturfélaginu Innovate.

Innovate reyndist vond fjárfesting fyrir Eimskip og var félagið afskrifað í heilu lagi í mánuðinum. Afskriftirnar námu níu milljörðum króna. Eimskip hafði einnig gert ráð fyrir tugmilljarða tekjum af félaginu í ár. Eimskip keypti næstum helmingshlut í Innovate í hittiðfyrra og eignaðist það að fullu í fyrra.

Íris Björk segir ekkert frekar um málið á þessu stigi. Hún vill hvorki tjá sig um að hverju rannsókn Fjármálaeftirlitsins beinist né hversu langt hún sé komin.

Ekki er útilokað að rannsóknin beinist að hugsanlegum brotum á upplýsingaskyldu, en ekkert verður fullyrt um það.

Kauphöllin hefur líka rannsakað málefni Eimskipafélagsins. „Þetta er í ferli hjá okkur,“ segir Þórður Friðjónsson forstjóri.

Eimskipafélagið hefur haldið því fram að rekstrarvandráði Innovate hafi fyrst komið inn á borð stjórnar í febrúar. Þá hafi hins vegar enginn gert sér grein fyrir því hversu alvarlegt málið væri. Forstjóri félagsins hætti raunar störfum þá í mánuðinum. Það hafi síðan verið í maí sem ljóst var að staða Innovate væri það alvarleg að afskrifa þyrfti félagið. Ekkert kom hins vegar fram um málið fyrr en nú í júní.

Ný stjórn tók við félaginu í mars. Þá hættu þrír í stjórninni. Þrír nýir komu í staðinn. Þeir eru Friðrik Jóhannsson, Orri Hauksson og Tómas Ottó Hansson.

Eftir því sem næst verður komist er mismunandi hvenær einstakir stjórnarmenn fréttu af málinu. Víst er að sumir núverandi stjórnarmenn heyrðu ekki af vandræðum Innovate fyrr en um miðjan apríl. Svo hafi þeim verið ljóst um miðjan maí hversu alvarlegt málið væri.

Innovate var hins vegar ekki afskrifað fyrr en í þessum mánuði og var þá tilkynnt um það opinberlega.



FRÁ ATHAFNASVÆÐI EIMSKIPA Eimskipafélagið er nú orðið að athafnasvæði Fjármálaeftirlitsins. Afskriftir félagsins á dótturfélaginu Innovate og vitneskja einstakra manna á ýmsum tímum er þar að líkindum undir. MARKAÐURINN/GVA

Stjórn Eimskipafélagsins sagðist sjálf ætla að rannsaka kaupin á Innovate rækilega þegar tilkynnt var um afskriftirnar.

„Menn eru enn að vinna að þessu og það tekur einhverjar vikur,“ segir Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Eimskips.

Meðal þess sem stjórnin kannar er hvort félagið hafi verið blekkt við kaupin.

Stephen Savage og Stephen Dargavel, sem seldu Innovate til Eimskips, hættu störfum hjá félaginu að því er virðist í tengslum við afskriftirnar. Peter Osborne hætti í febrúar. Það var um svipað leyti og stjórn Eimskips frétti fyrst af vandræðum félagsins.

Hver þeirra þriggja á 1,48 prósent hlut í Eimskipafélaginu.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur þegar verið rætt við þá um sölu.

Halldór Kristmannsson vill fátt segja um málið. „Þetta er hluti af því ferli sem menn eru í núna.“

## Icelandair dregur saman seglin

Icelandair hyggst grípa til umtalsverðra sparnaðaraðgerða og hefur félagið ákveðið að segja upp 240 manns í 190 stöðugildum; 138 flugfreyjum, 88 flugmönnum og öðru starfsfólki.

Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair, segir að spara megi mikið fé með því að létta vélar og fljúga þeim hægar. „Við spörum um um 2-300 milljónir króna í eldsneytiskostnað á ári með þessu móti og með því að í hægja á véllum félagsins,“ segir hann. Hægt verður á vélunum um nokkrar mínútur.

Þá hyggst Icelandair létta vélar, meðal annars með hertari reglum um yfirvigt og handfarangur. Þá verður minna eldsneyti um borð en áður, auk þess sem ráðgert er að hafa helmingi minna vatn um borð og fjarlægja handbækur og gögn sem ekki eru notuð.

Ekki er gert ráð fyrir að starfsfólkið verði ráðið aftur en reynt verður að koma til móts við það, að sögn Birkis. - job

BIRKIR HÓLM GUÐNASON Framkvæmdastjóri Icelandair segir sparnaðaraðgerðir félagsins tímabundnar.



# Fyrsta sæti


## Það skiptir máli að spara á réttum stað

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi allt frá stofnun. Síðastliðna 12 mánuði er ávöxtun sjóðsins **16%\***

**Peningamarkaðssjóður SPRON** hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á [spronverdbref.is](http://spronverdbref.is)

SPRON Verðbréf  
Peningamarkaðssjóður SPRON  
**16% ávöxtun**



TBWA/REYKJAVÍK \ ISA - 082554

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – [verdbref@spron.is](mailto:verdbref@spron.is) – [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is)

  
VERÐBRÉF

\*Nafnávöxtun 31. maí 2007–31. maí 2008 skv. [www.sjodir.is](http://www.sjodir.is). Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is). Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

## Skrúfað fyrir kranann

Bjorsala hefur dregist mikið saman í Bretlandi og hefur ekki verið minni síðan árið 1975. Banni við tóbaksreykingum innandyra, háum opinberum álögum á mjóð sem hafa skilað sér út í verðlagið og þrengingum hjá almennum neytendum er um að kenna, að sögn breska dagblaðsins Sunday Telegraph.

Bjorsala dróst saman um 1,7 prósent



á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Heildarsalan nemur tæpum fimm milljörðum lítra og hefur hún ekki verið minni í 33 ár.

Þessi þróun hefur leitt til þess að eigendur æ fleiri knæpa neyðast til að loka dyrum sínum. Tuttugu og sjö börum er nú lokað í hverri viku. Hundrað hefur verið lokað að meðaltali í hverjum mánuði síðastliðið ár, að sögn blaðsins.

**FREYÐANDI BJÓR** Ytri aðstæður hafa valdið því að hægt og bítandi hefur dregið úr bjórdrykkju í Bretlandi.

## Indverjar til bjargar Spielberg

Leikstjórnarmógullinn Steven Spielberg, David Geffen og aðrir toppmenn hjá bandaríska kvikmyndafyrirtækinu DreamWorks vinna þessa stundina að því að landa fjármögnun frá Indlandi upp á allt að 600 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði fimm tíu milljarða króna.

Lánveitandi er hin geysiöfluga Reliance-samstæða sem ræður lögum og lofum í Bollywood, kvikmyndalandi þeirra Indverja. Samstæðan tilkynnti í maí að hún ætlaði að fjármagna kvikmyndaframleiðslu átta Hollywood-stjarna. Þar á meðal eru George Clooney og Tom Hanks.

Gangi allar áætlanir eftir ætla DreamWorks-menn að slíta samningum sem þeir eru bundnir við Paramount-kvikmyndaverið og tryggja sér sjálfstæði í kvikmyndasköpun.

Fjármögnunin mun gera þeim kleift að framleiða allt að sex stórmyndir á ári. Bandaríska



**STEVEN SPIELBERG** Faðir E.T. leitar til Indverja til að tryggja sitt listræna frelsi til kvikmyndagerðar.

dagblaðið New York Times segir hins vegar að hvernig sem fari muni Paramount líklega dreifa myndum fyrirtækisins.

## Óbreyttir vextir fram á haust

Flestir reikna með óbreyttum stýrivöxtum á vaxtaákvörðunardegi þar í landi í dag. Þeir standa nú í sléttum tveimur prósentum.

Seðlabankinn brást við þrengingum á fasteigna- og fjármálamörkuðum strax um miðjan september í fyrra með fimm tíu punkta vaxtalækkun. Við það fóru vextirnir úr 5,25 prósentum í 4,75 prósent. Vextirnir hafa verið lækkaðir hratt eftir áramótin, eða um 225 punkta samanlagt.

Á sama tíma hefur Bandaríkjadalurinn farið sömu leið og oft-sinnis farið í lægsta gildi gagnvart evru. Þróunin hefur ásamt öðru ýtt undir mikla verðhækkun á hráolíuverði, sem staðið hefur



**SEÐLABANKASTJÓRINN** Fjármálasérfræðingar spá því margir að stýrivextir hækki í Bandaríkjunum á ný í haust.

við methæðir, og ýtt verðbólgu upp. Breskir og bandarískir fjármálasérfræðingar telja nú líkur á að vöxtum verði haldið óbreyttum fram á haust og megi reikna með hækkingu í ágúst eða september, að sögn vefútgáfu Bloomberg.

## Kornverð aldrei hærra

Verð á korni, sem afhenda á í næsta mánuði, stendur við átta dali á knippi. Verðið er með því hæsta sem sést hefur.

Uppskerubresti af völdum storms og flóða í Miðvesturríkjum Bandaríkjanna er um að kenna. Verðið hefur hækkað um 85 prósent síðastliðna tólf mánuði.

Verð á öðrum vörum, svo sem sojabáunum, hveiti og hrísgrjónum, hækkaði af sömu sökum í Iowa í Bandaríkjunum.

Ástandið hefur ekki verið verra í fimmtán ár, að mati Bloomberg-fréttaveitunnar sem tæpir á að þróunin skili sér hratt

út í verðlagið, ekki síst fyrir alifugla- og svínabændur sem þurfi að sjá á eftir háum fjárhæðum til kaupa á korni. Þegar er farið að bera á gjaldþroti í þeirra röðum. Þá má reikna með að verð á kjóti muni hækka og að þakkargjörðarkalkúnninn vegi þungt í bókhaldi Bandaríkjamanna í haust.

Veðurfar hefur sett strik í reikning kornræktarbænda víða um heim síðustu misserin og það mun að líkindum skila sér í helmingi minni birgðum nú en í fyrra, að því er Bloomberg hefur eftir bandaríska landbúnaðarráðuneytinu.



**KALKÚNN** Hætt er við að Bandaríkjamenn verði að greiða mun hærra verð fyrir kalkúnninn á þakkargjörðardegnum í haust en í fyrra.

## Síminn dk er gott danskt vörumerki

Dótturfélag Skipta ber hið gamla og fornfræga íslenska vörumerki Símans. Veltan er þrjú milljarðar og framlegð góð.

**Björn Ingi Hrafnsson** skrifar

„Við veltum fyrir okkur ýmsum vörumerkjum eins og gengur þegar mörg félög sameinast. En svo töldum við íslenska símanafnið best. Síminn dk er einfaldlega gott danskt vörumerki,“ segir Rasmus Helmich, forstjóri Símans dk, dansks dótturfélags Skipta hf., sem eiga og reka Símann á Íslandi.

Skipti keypti danska fjarskiptafyrirtækið BusinessPhone ásamt Prime Networks og CTI Billing í ágústmánuði í fyrra og stuttu síðar bættust Ventelo Danmark við ásamt netfyrirtækinu Webpartner. Þessi félög voru síðar öll sameinuð og tók nýtt félag til starfa frá og með 1. mars sl. undir merkjunum Síminn Danmark A/S.

Hreinn Jakobsson, fyrrverandi forstjóri Skýrr á Íslandi og núverandi stjórnarformaður Símans dk, segir að mikil vinna hafi farið í að samþætta öll þessi fyrirtæki í eitt, en það hafi þó gengið mjög vel og félagið sé í góðri sókn.

„Í dag erum við því með öflugt alhliða fjarskiptafyrirtæki sem getur boðið alla þjónustu fyrir fyrirtæki: fastlínu, farsíma, gagnaflutning, vistun, öryggi og rekstur,“ segir Hreinn og bætir við að þeim fjölgi nú ört símnótendum í Danmörku sem fá nú íslenska símanafnið upp í farsímunum sínum, sem sé auðvitað mjög skemmtilegt.

Rasmus Helmich segir marga kosti við íslenska nafnið, t.d. þann að það þýði ekki beinlínis neitt á dönsku og standi því vel eitt og sér. Áætlanir félagsins gangi út á að starfa einvörðungu á fyrirtækjamarkaði, ekki síst í



**SÆKJA FRAM Í DANMÖRKU UNDIR MERKJUM SÍMANS** Hreinn Jakobsson stjórnarformaður (til hægri) og Rasmus Helmich, forstjóri Símans dk.

viðskiptum við lítil og meðalstór fyrirtæki.

„Stærri félögin einbeita sér lítt að þessum markaði, sem gefur okkur auðvitað heilmikil tækifæri. Þeir hafa miklu frekar gefið út að til standi að kaupa þjónustu af aðilum eins og okkur,“ segir Helmich og vísar þar til Tele Danmark, sem lýst hefur áhuga á samstarfi í þessum efnum.

Síminn Danmark er með um 70 starfsmenn og nemur velta félagsins um þremur milljörðum króna. Að sögn Helmichs er framlegðin góð og afkoman mjög viðunandi, þannig að félagið stendur sjálft undir innri vexti.

Sú spurning hlýtur að vakna, hvort ekki sé hægt að koma á samvinnu milli Símans á Íslandi og hins danska systurfyrirtækis?

Hreinn og Helmich telja báðir að svo sé og benda raunar á að slíkt samstarf sé þegar hafið. Skipti á starfsmönnum séu þegar hafin og miklir möguleikar felist í ýmsum tæknimálum, samningum við birgja, markaðsmálum o.s.frv. „Við höfum til dæmis hugsað okkur að flytja nýja þjónustu og vörur frá Íslandi

til Danmerkur,“ segir Hreinn og nefnir þar meðal annars til sögunnar hýsingu á Microsoft lausnum og fleiru úr lausnamengi Símans á Íslandi.

Helmich bætir við að miklir möguleikar felist í að auka viðskiptin við þann hóp sem þegar sé komin í viðskipti. „Við bjóðum í grunninn átta þjónustulausnir hjá sameinuðu félagi en meðalkúnninn er aðeins að kaupa tvær lausnir frá okkur. Með því að þróa lausnirnar betur og tengja þær saman, getum við aukið tekjur félagsins umtalsvert án þess að til komi samsvarandi kostnaður á móti.“

Hreinn tekur í sama streng og bendir á að mikil samþætting eigi sér nú stað milli fjarskipta- og upplýsingatækni. Nú snúist þjónustan í síauknum mæli um miðlun upplýsinga í gegnum síma, gríðarleg þróun hafi orðið í ýmsum lausnum fyrir farsíma og það nýjasta séu ýmsar viðskiptagreindarlausnir (business intelligence) sem eru að koma á markaðinn og bjóða m.a. stjórnendum og starfsfólki fyrirtækja algjörlega nýja möguleika.

## Forstjóranskipti AIG

Fjárfestingarrísinn AIG skipaði í síðustu viku Robert Willumstad í stöðu forstjóra fyrirtækisins. Hann tekur við af Martin Sullivan, sem yfirgaf fyrirtækið eftir að hafa skilað þrettán milljarða tapi á fyrri hluta árs.

Þetta er mettap í sögu tryggingafyrirtækisins. Gengi bréfa í því hafa hrunið um fjórutíu prósent frá áramótum. Stærstur hluti tapsins liggur í af-

skriftum á svokölluðum undir-máslánum.

Fréttaveita Bloomberg segir hluthafa hafa verið orðna langþreytta á því sem þeir töldu aðgerðaleysi Sullivans og vildu nýjan mann í brúna.

AIG keypti níutíu prósent hlut Novators, félags í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, í búlgarska símafyrirtækinu BTC, í ágúst í fyrra fyrir 127 milljarða króna.

## Neyslustökk í Bretlandi

Velta í smásöluverslun jókst um 3,5 prósent á milli mánaða í maí, samkvæmt tölum bresku hagstofunnar sem birtar voru á dögunum. Stökk sem þetta hefur ekki sést í Bretlandi frá því veltutölur voru teknar saman árið 1986.

Sala á matvörum jókst um 3,3 prósent á milli mánaða. Mest var sala á salati og matvælum sem tengjast sumrinu. Þá jókst sala á

sumarfatnaði um heil 9,2 prósent á milli mánaða.

Breska ríkisútvarpið segir ljóst að neytendur hafi ekki látið almenna svartsýni trufla sig heldur hafi þeir birgt sig upp þegar hlýnaði í veðri í liðnum mánuði. Miðað við þróunina þykir líklegra en áður að Englandsbanki hækki stýrivexti á næstunni til að sporna við verðbólguþrýstingi.

## H&M gefur í þrátt fyrir hrakspár

Sænska fatakeðjan Hennes & Mauritz, sem Íslendingar þekkja betur undir merkjum H&M, hagnaðist um 3,94 milljarða sænskra króna, á öðrum ársfjórðungi, sem lauk í maílok. Þetta jafngildir 53 milljörðum íslenskra króna og fjórtán prósentum meira en á sama tíma í fyrra.

Stjórnendur þakka lágum Bandaríkjadali fyrir bættan hag sem og góðri sölu í síðasta mánuði. Mánuðurinn dró upp meðaltalið eftir dræma sölu hina tvo mánuðina á undan í fjórðungnum.

Tekjur vegna fatasölu H&M námu 21,6 milljörðum sænskra króna, sem er 31 prósent meira en á sama tíma fyrra. Salan í maí jókst um 25 prósent.

H&M ætlar ekki að láta hrakspár um samdrátt í einkaneyslu draga úr umsvifum sínum í fatageiranum og stefnir á að opna 139 verslanir víða um heim það sem eftir lifir árs. Gangi það eftir verða verslanir H&M 1732 talsins. Til samanburðar voru þær 1.593 í lok síðasta mánaðar.



**ROLF ERIKSEN** Forstjóri H&M hefur efni á að vera glaðbeittur um þessar mundir enda hagar verslunarinnar góður.

 **SALTFÉLAGIÐ**

Grandagarði 2  
101 Reykjavík  
Sími 578 7810  
[www.saltfelagid.is](http://www.saltfelagid.is)

HEIMILIÐ ER HEILAGT



hún kom á eftir mér út í skúðshús þar sem ég hafði gleymt kambinum og sagði að þetta væri þakkin og mér fannst hann næstum stærri en hún þar sem hún stóð í fjólubláu dragtinni sinni nýkomin úr lagningu

hún sagði að ég væri sláandi lík mömmu í kjólnum, hún sagðist hafa gefið mömmu og pabba alveg eins brúðkaupsgjöf, svo allt gæti byrjað, hún var svo flink hún mamma þín, sagði hún og ég sagði: hættu nú, amma

ég held að hún hafi helst viljað að ég opnaði þakkann strax en ég var að verða of sein í myndatökuna, hún þurrkaði mér um kinnina og sagðist bara hinkra



## Listir og fjármál mætast í sýningarsalnum

Norræna ferða- og verðlaunasýningin Carnegie Art Awards var opnuð í Gerðarsafni í Kópavogi í síðustu viku. Áratugur er liðinn frá því að sænski fjárfestingarbankinn Carnegie ýtti þeim úr vör. Mikael Ericson, sem nýtekinn er við forstjórastól bankans, settist niður með *Jóni Aðalsteini Bergsveinssyni* fyrir opnun sýningarinnar og ræddi við hann um tengsl fjármála- og listaheimsins.

Listasöfn og sýningar eru tilvalinn vettvangur fyrir fólk til að hittast og ræða málin,“ segir Mikael Ericson, forstjóri sænska fjárfestingarbankans Carnegie. Hann bendir á að fjármálaheimurinn hafi lengi stutt við bakið á listamönnum með einum eða öðrum hætti. Tímenn er talinn í öldum fremur en árum. „Þeir sem hafa áhuga á fjárfestingum hafa oft auga fyrir og áhuga á listum líka. Þeir koma fljótt auga á verðmætin,“ segir hann.

Bankinn stofnaði til verðlauna- og farandsýningarinnar Carnegie Art Award fyrir áratug og hefur síðan þá kynnt til sögunnar, stutt vel við bakið á og sýnt verk eftir 142 norræna listamenn úr ýmsum afkimum myndlistargeirans. Þar á meðal eru tuttugu Íslendingar. Skemmst er að minnst þess að myndlistarmennirnir Eggert Pétursson og Hreinn Friðfinnsson hafa báðir hlotið önnur verðlaun á sýningunni. Tveir Íslendingar sýna verk sín nú. Það eru þau Þór Vigfússon og Þórdís Aðalsteinsdóttir.

Carnegie Art Award-sýningunni hefur vaxið fiskur um hrygg í þau tíu ár sem hún hefur verið haldin og er hún í dag einn af mikilsverðustu atburðum listaheimsins á Norðurlöndunum.

### REYNSLUBOLTI Í BANKAHEIMI

Mikael Ericson er hæstánægður með sýninguna. Gott ef hann hefur ekki sjálfur tekið lit. Júnísólin stendur hátt á lofti og silast hægt í vesturátt. Hiti er nokkuð yfir meðallagi. Himinninn er blár, heiðskír og tær. Flugvél bætir hvítu línu við verkið.

Við sitjum í svalanum inni á Gerðarsafni innan um málverk og aðra nútímalist. Úr sýningarsalnum að ofan berast raddir og tónar úr þeramíni. Andrúmsloftið fær á sig einkennilegan blæ.

Starfsfólk Carnegie og Gerðarsafns er á þönum enda í þann mund að opna sýninguna eftir flakk hennar frá Kiama-nútímalistasafninu í Helsinki í Finnlandi og Ósló. Hingað er hún komin frá kóngsins Kaupmannahöfn.

Ericson er sjálfur nýlentur og volgur ennþá, er tiltölulega nýtekinn við forstjórastólnum hjá Carnegie. Ericson var í raun ráðinn í byrjun árs en tók ekki við skútunni fyrr en fyrir einum og hálfum mánuði. Forveri hans hafði setið frá því seint á síðasta ári eftir að sænska fjármálaeftirlitið mæltist til þess að stjórninni yrði skipt út fyrir nýja í kjölfar hneykslismála sem skóku bankann. Forstjóranum var sömuleiðis skipt út fyrir annan.

Spurður um málið hristir forstjórinn höfuðið létt og lætur fingur leika um farsímamann – nýlegan síma frá Sony Ericsson. Hann svíkur ekki lit. Mikael Ericson var aðstoðarforstjóri Handelsbanken þegar kallið kom frá Carnegie. Að því er Ericson segir sjálfur steig hann fyrstu skrefin í fjármálaheiminum í sænska fjármálaráðuneytinu fyrir tuttugu árum. Þar var hann í aðeins eitt ár áður en hann steig inn fyrir dyr Carnegie. Hann var í sex ár hjá sænska fjárfestingabankanum en fór þaðan til Handelsbanken. Í raun má segja að forstjórinn sé kominn aftur á kunnuglegar slóðir.

### LISTHNEIGÐIR FJÁRFESTAR

Carnegie-bankinn var stofnaður árið 1803 og fagnar því 205 ára afmæli um þessar mundir. Þótt Skoti, sem nefndi bankann eftir sjálfum sér, hafi stofnað hann hefur bankinn frá upphafi verið rótfastur á Norðurlöndunum. „Það var þess vegna mjög auðsött mál fyrir bankann að tengjast norrænum listaheimi,“ segir Ericson. Hann bendir sömuleiðis á að margir af viðskiptavinum bankans séu afar áhugasamir um listir, ekki síst nútímalist. „Það var því eðlilegt að við snerum okkur að listaheimi Norðurlanda,“ segir forstjórinn. Hann bætir við að vettvangur lista geti verið mjög skapandi. Á sýningu sem þessari gefist tækifæri til að hittast og ræða málin. „Það getur skilað góðum árangri,“ bendir Ericson á.

Fimm hundruð gestir voru væntanlegir við opnun sýningarinnar hér.

Bankinn greiðir allt umstang við verðlaunasýningarnar, gefur út hnausþykka bók um verkin, listamennina og tilheyrandi.

### HRÆÐILEGUR ÓRÓI

Aðspurður um yfirstandandi erfiðleika á fjármálamörkuðum segir Ericson þetta hræðilegan tíma. „En þetta er bara svona – það er hart í ári,“ segir hann og bendir á að niðursveiflan og erfiðleikarnir nú séu öðruvísi en fyrri kreppur. „Þetta er alþjóðleg sveifla í fjármálageiranum sem til lengri tíma getur haft áhrif á efnahag margra landa og fólks sem þar býr. Jafnvel í nokkurn tíma eftir að jafnvægi hefur náðst. Svona áföll hafa ekki dunið yfir áður í mæli sem þessum, svo ég viti til,“ segir hann.

Ericson segir þetta nær einungis eiga við um lönd innan Norðurlandanna. Málið líti öðruvísi út innan þeirra, þótt flestir hafi verið snertir af vandræðunum í Vesturheimi.

Hann bendir á bankakreppuna hér á landi á vordögum 2006 máli sínu til sönnunar. Í

henni hafi íslensku bankarnir treyst stöðir sínar. „Þeir komu áreiðanlega betur búnir inn í kreppuna núna en hefðu áföllin ekki dunið yfir fyrir tveimur árum,“ segir hann.

### MEÐ ÍSLENDINGA VIÐ STJÓRNVÖLINN

Sjálfur hefur Carnegie ekki farið varhluta af vandræðum. Í fyrra urðu starfsmenn hans uppvísir að því að skrá verðmæti valréttarsamninga í eigu hans of hátt í tvö ár á undan. Við þetta urðu eignir ofmetnar og bókhald sýndi betri afkomu en raunin var.

Niðurstaða sænska fjármálaeftirlitsins var á þá lund að eftirliti, stjórnun og áhættustýringu bankans væri ábótavant og var um tíma útlit fyrir að bankinn yrði sviptur starfsleyfi. Óvissa ríkti um framtíð bankans. Forstjórinn yfirgaf skútuna. Eftirmaður hans tók tíma-bundið við stýringu þar til Mikael var kallaður til eftir áramótin.

Mikael Ericson segir menn sína hafa lært mikið síðan þá. Hann bendir á að Carnegie sé ágætlega í sveit settur hvað lausafé og áhættudreifingu varðar. Helmingur af tekjum komi frá fjárfestingastarfsemi en afgangurinn frá eignastýringu og úr einkabankaþjónustu. Stefnir sé að því að bæta starfsemi tryggingafyrirtækisins Max Matthiesen, sem keypt var í mars í fyrra, undir stöðir fjárfestingabankans á næstunni. „Ég er sérstaklega spenntur fyrir því enda mun það bæta bankann og dreifa áhættunni. Það gerir hann sterkari fyrir vikið,“ segir Ericson.

Íslendingar hafa á tíðum sést í hluthafahópi Carnegie. Glitnir, Straumur og fleiri áttu um tíma hluti í bankanum en Milestone, í nafni sænska fjármálaþjónustufélagsins Moderna (áður Invik), festi kaup á tíu prósent hlut í honum síðasta haust – á sama tíma og útlitið var sem svartast. Félagið hefur aukið við sig og situr nú á sautján af hundruði hlutabréfa. Anders Fällman, forstjóri Moderna, er stjórnarformaður fjárfestingabankans. Ericson nefnir þetta með bros á vör.

### STÍGUR VARLEGA TIL JARÐAR

En aftur að óróleika á fjármálamörkuðum. Ericson segir erfitt að spá fyrir um framhaldið og veigrar sér við því að geta til um hvenær þessu ljúki. Útilokar samt ekki að það verði fljótlega, jafnvel með haustinu. „Það eru komin mýmörg tækifæri og líklega munum við sjá auknar yfirtökur og samruna fyrirtækja þá,“ segir hann og bendir á að fjármálaheimurinn sé afar viðkvæmur um þessar mundir. „Ég stíg sjálfur varlega til jarðar,“ segir forstjóri Carnegie.

**MIKAEL ERICSON** Forstjóri sænska fjárfestingarbankans Carnegie segir fjármálaheiminn einkar viðkvæman um þessar mundir en telur útlit fyrir að sjást muni til sólar síðar á árinu. MARKAÐURINN/VALLI



**VERK EFTIR VERÐLAUNAHAFNA**  
Torstein Andersson frá Svíþjóð

## Vissir þú að ...

Carnegie Art Award-sýningin nú var opnuð í október í fyrra í nútímalistasafninu í Kiasma í Finnlandi. Síðasta sýningin verður í Alþjóðlega nútímalistasafninu í Nice í Frakklandi í apríl á næsta ári...

Þetta er tunda árið sem Carnegie Art Award-sýningin er haldin...

Sýningin var haldin ár hvert frá árinu 1998 til 2002. Frá 2003 hefur hún verið haldin annað hvert ár...

Fyrir sýninguna nú tilnefndu 35 sérfræðingar allt að fimm listamenn. Í ár voru 143 listamenn tilnefndir...

Á sýningunni nú voru 26 listamenn valdir eftir tilnefningu og sýna þeir 65 verk...

Síðastliðin tíu ár hafa 142 listamenn frá Norðurlöndunum sýnt 620 verk á Carnegie Art Award...

Heildarverðmæti verka á sýningunni nú nemur rúmum sjö milljónum sænskra króna, jafnvirði tæpra hundruð milljóna íslenskra króna...

Fyrstu verðlaun nema einni milljón sænskra króna. Önnur verðlaun eru 600 þúsund en þriðju 400 þúsund. Auk þess veitir Carnegie-bankinn ungum og efnilegum listamanni 100 þúsund sænskar krónur í styrk á hverri sýningu...

Bankinn hefur greitt sextán milljónir sænskra króna í verðlaunafé á áratug. Þetta jafngildir rúmum 218 milljónum íslenskra króna...

Torsten Andersson, sem hlaut fyrstu verðlaun á sýningunni nú, var í þriðja sæti á fyrstu sýningunni fyrir áratug...

Af átta sýningum sem haldnar hafa verið hafa Svíar unnið fyrstu verðlaun í fimm skipti. Allar Norðurlandþjóðirnar nema Íslendingar hafa stigið í sigur-sætið...

Svíar hafa frá upphafi haft langflesta fulltrúa á Carnegie Art Award...

Fæstir fulltrúarnir á sýningunni síðastliðin tíu ár eru frá Íslandi...

Tveir íslenskir listamenn hafa hlotið önnur verðlaun á sýningunni...

Íslendingar eru eina Norðurlandþjóðin sem aldrei hefur fengið þriðju verðlaun...

Norðmenn er eina Norðurlandþjóðin sem aldrei hefur fengið önnur verðlaun...

Norðmenn og Íslendingar hafa fengið jafn mörg verðlaun...

Veðurspáin þín

JACOB JENSEN™

FJÖLBREYTT ÚRVAL HJÁ OKKUR  
Í SKEIFUNNI 6, Í LEIFSSTÖÐ OG  
Á LAUGAVEGI 7.

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



OPIÐ Á LAUGARDÖGUM Í EPAL, LAUGARVEGI 7 Í ALLT SUMAR.

# Samband íslenskra samvinnufélaga lifir góðu lífi

Samband íslenskra samvinnufélaga er ennþá til, þótt eignir þess séu ekki nema brot af því sem mest var undir lok síðustu aldar. Starfsemi þess er í lágmarki en eignir þess í skráðum félögum kynnu að hlaupa á milljörðum króna, þrátt fyrir miklar lægðir á hlutabréfamarkaði. Aðildarfélög Sambandsins starfa um allt land og umsvif þeirra eru umtalsverð, enda þótt þau séu ekki undir hatti Sambandsins. Stjórnarformaður SÍS segir að Sambandið sé félagslegur vettvangur og engar breytingar séu fyrirhugaðar á því. *Ingimar Karl Helgason* fór yfir núð og þáíð hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga.

**M**argítrekaðar fullyrðingar um gjaldþrot Sambands íslenskra samvinnufélaga eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Félagið hætti rekstri, seldi allar eignir og samdi um og greiddi allar skuldir sínar. Frá því uppgjöri hefur félagið fyrst og fremst verið félagslegur vettvangur þar sem samvinnumenn, fulltrúar kaupfélaganna um allt land, koma saman og ræða sín sameiginlegu mál,“ segir Guðsteinn Einarsson, stjórnarformaður Sambands íslenskra samvinnufélaga. Guðsteinn er líka kaupfélagsstjóri Kaupfélags Borgfirðinga.

#### SKÚFFUFYRIRTÆKI

Það fer ekki mikið fyrir Sambandi íslenskra samvinnufélaga, svo ekki er undarlegt að



**ARNARFELL SAMSKIPA**  
Skipadeildin var ein mikilvægasta deild Sambandsins og tryggði flutninga á ströndinni og milli landa.

fólk álykti sem svo að það heyri sögunni til. Til að mynda finnst fátt þegar félaginu er flett upp í símaskrá. Þegar leit að er betur finnst þó heimilisfang og símanúmerið 430-5500, sem er símanúmer Kaupfélags Borgfirðinga.

Lénin sis.is og sambandid.is eru í eigu aðila sem eru ótengdir Sambandinu með öllu. Lénid samband.is er í eigu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Guðsteinn segir að ekkert laumuspil sé hér á ferð og fólk sé velkomið á aðalfundi félagsins.

#### ÁHRIF FYRIR HUNDRAÐKALL

Eignir Sambandsins eru samkvæmt ársreikningi í fyrra um tuttugu milljónir króna. Þetta eru bankainnistæður og verðbréf. Þá er í þessu fölgandi 7.000 króna stofnframlag til Samvinnutrygginga, frá árinu 1946.

Ætla má þó að fleira finnst í Sambandinu. Helst er þar að nefna að líklega verður Sambandið næststærsti hluthafinn í Fjárfestingarfélaginu Gift, sem stofnað hefur verið upp úr eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum. Skilyrði fyrir eign í félaginu er að hafa tryggt hjá Samvinnutryggingum og að óslitnum viðskiptum hafi verið haldið við Vátryggingafélag Íslands. Svo mun hafa verið í tilviki Sambandsins; réttindi haldist öll óskert, jafnvel þótt aðeins sé tryggt fyrir hundraðkall. Sambandið var alla tíð stærsti tryggjandi hjá Samvinnutryggingum.

#### MIKIL UMSVIF GIFTAR

Umsvif Giftar í íslensku atvinnulífi eru nokkur. Félagið er til að mynda stærsti hluthafinn í Icelandair, ásamt Finni Ingólfssyni. Þá er félagið þriðji stærsti hluthafinn í Exista. Félagið á auk þess stóran hlut í Kaupþingi, auk þess sem þar er Exista ráðandi.

Meðal eigna Giftar eru einnig hlutir í Landsbankanum, Straumi og Glitni. Þá á félagið einnig nokkra hluti í óskráðum félögum, eins og Föðurbloodunni, Samkaupum,

Árkaupum og Saga Capital.

Sem næststærsti hluthafinn í Gift má ætla að Sambandið hafi þarna nokkur áhrif.

#### MILLJARÐA EIGNIR?

Enda þótt markaðsvirði félaga í óbeinni eigu Sambandsins hafi hríðfallið, líkt og annarra skráðra félaga undanfarna mánuði, má ætla að það hlaupi á milljörðum.

Enn er ekki fram kominn listi yfir hluthafa í Gift fjárfestingarfélagi, en fram hefur komið að Samvinnusjóðurinn mun líklega ráða um þriðjung. Í sjóðinn hafa runnið réttindi þeirra sem tryggðu en féllu frá eða urðu gjaldþrota.

Sé miðað við að sá sem lagði fram stofnféð og var ávallt stærsti viðskiptavinur félagsins, ásamt öllum deildum sínum, eigi tífund í Gift, má ætla að eignirnar séu nokkrar. Þegar aðeins er horft til eignar Giftar í Kaupþingi, Existu og Icelandair, er ekki óvarlegt að áætla að þær eignir Sambandsins séu ekki minni en tveir til þrjár milljarðar, miðað við markaðsverð nú um stundir. Það er sem kunnugt er með minnsta móti.

Þá er raunar ekki tekið tillit til skulda Giftar. Óvíst er hversu háar þær eru.

Það er hlutfallslega töluvert minna en þegar Sambandið stóð á háttindi sínum í íslensku atvinnulífi, en nóg til þess að fullyrða að Sambandið er á lífi og vel rúmlega það.

Guðsteinn Einarsson segir óvarlegt að fullyrða nokkuð um þetta enda liggja ekki enn fyrir hvernig hlutum í Gift verði skipt. Þá hafi verið ákveðið, hvernig sem fer, að því sem kemur út úr Gift verði skipt milli kaupfélaganna. „Þau eiga Sambandið en ekki öfugt,“ segir Guðsteinn og ítrekar að hlutverk Sambandsins sé fyrst og fremst félagslegt. „Engar breytingar eru fyrirhugaðar á starfsemi,“ bætir hann við.

#### HVERJIR RÁÐA?

Aðildarfélög Sambandsins eru kaupfélög, sem starfa víða um land. Kaupfélag Skagfirðinga er líklega stærst innan vébanda Sambandsins. Þar er kaupfélagsstjóri Þórólfur Gíslason, fyrrverandi stjórnarformaður Giftar. Kaupfélag Eyfirðinga er líka stórt, einnig Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga auk Kaupfélags Borgnesinga og fleiri.

Þeir sem ráða fyrir Sambandinu koma úr þessum stöðum. Til að mynda situr Sigurjón Rúnar Rafnsson, núverandi stjórnarformaður Giftar, einnig í stjórn Sambandsins. Því skyldi ekki vanmeta áhrif Sambandsins í Gift.

#### FORNAR RÆTUR

Samband íslenskra samvinnufélaga var stofnað árið 1902 að Ystafelli. Þetta var verslunarfélag sem stefndi að því í upphafi hinnar fyrri. Starfsmönnum átti enn eftir að fjölga og voru þeir upp undir tvö þúsund þegar umsvif Sambandsins voru sem mest á níunda áratugnum. Þá eru ótaldir þeir sem störfuðu hjá kaupfélögunum og ýmsum fyrirtækjum sem tengdust Sambandinu. Núna er enginn á launaskrá Sambandsins, en Guðsteinn

Aðildarfélögin voru fá í fyrstu, en um miðja síðustu öld voru þau orðin fimmtíu og reksturinn þá þegar orðinn umfangsmikill.

Félögin voru 45 árið 1980 en áratug síðar voru þau 26. Þau eru nú fimmtán.

Á árum seinni heimsstyrjaldar voru starfsmenn Sambandsins orðnir hátt í fimm hundruð en voru þrjár í upphafi hinnar fyrri. Starfsmönnum átti enn eftir að fjölga og voru þeir upp undir tvö þúsund þegar umsvif Sambandsins voru sem mest á níunda áratugnum. Þá eru ótaldir þeir sem störfuðu hjá kaupfélögunum og ýmsum fyrirtækjum sem tengdust Sambandinu. Núna er enginn á launaskrá Sambandsins, en Guðsteinn



Einarsson stjórnarformaður heldur utan um málefni félagsins, meðfram öðrum störfum.

#### GRÍÐARLEG UMSVIF

Sambandið óx mjög að vöxtum um miðja síðustu öld. Auk þess sem bein starfsemi Sambandsins jókst urðu til félög sem kölluð voru samstarfsfyrirtæki Sambandsins. Í þessum hópi voru Samvinnutryggingar, Olíufélagið, Samvinnubankinn, Osta- og smjörösalan, Samvinnuferðir og Iceland Seafood Corporation.

Á níunda áratug síðustu aldar störfuðu átta deildir innan Sambandsins: Sjávarafurðadeild, búvörudeild, iðnaðardeild, búnaðardeild, verslunardeild, skipadeild, skipulagsdeild og fjárhagsdeild.

#### SAMDRÁTTUR

Mikið var fjallað um endalok Sambandsins í Morgunblaðinu upp úr árinu 1990. Þar kom meðal annars fram að árið 1989 hefðu bókfærðar eignir Sambandsins numið ríflega tólf milljörðum króna, á þess tíma verðlagi. Árið eftir hefðu þær hins vegar verið innan við átta milljarðar en aftur nokkrum árum síðar höfðu eignirnar rýrnað allverulega og námu eignirnar þá prómilli af því, eða sjö milljónum króna.

Sambandið hefur heldur vaxið síðan þá,





**FRÁ NÝLEGUM AÐALFUNDI** Nokkrir fulltrúar á aðalfundi Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga og Andvaka sem haldinn var fyrir skömmu. Finnur Ingólfsson, stjórnarformaður Samvinnusjóðsins, lítur í átt til ljósmyndarans. MARKAÐURINN/GVA

**En Sambandið sem slíkt fór aldrei á hausinn ... Það leit aði nauðasamninga við lánardrottna, gerði upp og hvarf úr kastljósinu, en ekki af sviðinu. Eignir þess eru töluverðar og þeir sem þar eiga vettvang, hafa ítök víða.**

auðvelt að sjá til botns í þessu öllu saman, líkt og fram kom í greinum Agnesar Bragadóttur í Morgunblaðinu frá þessum tíma. Hún studdist einkum við ónafngreinda heimildarmenn í skrifum sínum.

#### HVAD SVO?

Árið 1994 hafði Sambandið greitt megnið af skuldum sínum, að því er fram kemur í yfirliti Ívars Jónssonar um samvinnuhreyfinguna. En Sambandið sjálft var lagst í dvala.

Þá voru Samvinnutryggingar horfnar inn í VÍS, og eftir stóð Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga sem áður var fjallað um. Samvinnubankinn rann inn í Landsbankann og hlutinn í Ólúfélaginu keypti félagið sjálft árið 1992.

Félagið hefur farið um nokkrar hendur og heitir núna N1.

Einnig varð sjávarafurðadeild Sambandsins, sem stofnuð var árið 1957, að Íslenskum sjávarafurðum hf. 1991. Inn í félagið rann Iceland Seafood. Síðar urðu kaflaskil þegar ÍS og SÍF sameinuðust í SÍF árið 2003.

Þá hefur skipadeild Sambandsins vaxið í höndum Ólafs Ólafssonar, sem Samskip hf., og er nú með starfsemi víða um lönd og höf.

#### FRAMTÍÐIN

Mörg fyrrverandi Sambandsfyrirtæki, eða fyrirtæki sem vaxið hafa á þeim grunni, lifa því enn góðu lífi; þetta gufaði ekki upp.

En Sambandið sem slíkt fór aldrei á hausinn, líkt og fram kom hér í upphafi. Það leit aði nauðasamninga við lánardrottna, gerði upp og hvarf úr kastljósinu, en ekki af sviðinu.

Eignir þess eru töluverðar og þeir sem þar eiga vettvang hafa ítök víða.

Hver veit nema Sambandið eigi enn eftir að blómstra, ef ekki þá kaupfélögin sem þar standa að baki.

## Eftirlaunamálið fyrra

Erfiðleikar Sambandsins voru mikið til umræðu í þjóðfélaginu á sínum tíma.

Ríkissjóður samþykkti fjögurra milljarða króna framlag til Landsbankans árið 1993. Þá var fullýrt í fréttum Stöðvar tvö að Landsbankinn hefði teiknað upp eftirlaunaáætlun fyrir tvo forstjóra Sambandsins og átján framkvæmdastjóra.

Í heildina færu um 800 milljónir króna í þessar eftirlaunaskuldbindingar. Þá sagði Guðrún Helgadóttir á Alþingi:

„Hér er sem sagt fullyrt að verulegur hluti þessara ævintýrlegu skuldbindinga vegna eftirlauna 20 manna falli hugsanlega á Landsbanka Íslands við yfirtöku bankans á hlutafélögum sem stofnuð voru þegar Sambandið leystist upp. Því hlýtt ég að spyrja: Voru milljarðarnir sem Alþingi samþykkti Landsbankanum til styrktar fyrir fáeinum vikum kannski að hluta til til þess að halda þessum fáránlegu greiðslum úti? Það kynni að vera áhugavert fyrir landsmenn að vita það. Gæti það ekki verið forvitnilegt fyrir starfsmennina 500 sem nú hefur



**GUÐRÚN HELGADÓTTIR** Gagnrýndi eftirlaunasamninga stjórnenda Sambandsins harðlega. „Þessu gríni verður að ljúka.“

verið sagt upp störfum hjá Miklagarði að vita hvað Landsbankinn er að fjármagna þegar þeir leita fyrirgreiðslu bankans vegna húsnæðis-skulda sinna?“

Guðrún sagði við sömu umræðu:

„En það kynni að vera að saumakonan sem er búin að sitja í verksmiðju hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga síðastlið-

in fjörutíu ár og hefur 21 þúsund krónur í lífeyri, það getur vel verið að hún yrði látin skadast. Það væri nær sanni. [...] Hæstvirtur forseti. Þessu gríni verður að ljúka. Launþegar í landinu geta ekki lengur sætt sig við að þeir fjármunir sem þeir vinna fyrir séu notaðir til þess að örfáar manneskjur leiki sér með þá.“

Þá fullyrti Jón Sigurðsson, þingmaður Alþýðuflokksins og viðskiptaráðherra.

„Landsbankinn hefur ekki yfirtækið þessa eftirlaunasamninga. [...] Kjarni málsins er að sjálf-sögðu sá, frá þessu þrönga sjónarmiði, að bankinn viðurkennir þá ekki sem forgangskröfu. Þetta er alveg hreint og skýrt, getur ekki skýrara verið.“

## Búnaðarbankinn

Félög samvinnumanna og ráðherrar Framsóknarflokksins voru áberandi í hópi kaupenda á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum, árið 2003.

Innan Eglu var Ker hf. sem áður var hluti af Sambandi íslenskra samvinnufélaga. Þá voru einnig í hópi kaupenda Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, Samvinnulífeyris-sjóðurinn og Vátryggingafélag Íslands, en inn í félagið hafði áður runnið tryggingahluti Samvinnutrygginga.

Valgerður Sverrisdóttir, þá viðskiptaráðherra, sá um söluuna fyrir hönd ríkisins. Helstu fulltrúar kaupenda voru Ólafur Ólafsson athafnamaður, kenndur við Samskip, og Finnur Ingólfsson, athafnamaður og fyrrverandi viðskiptaráðherra, sem hafði haft veg og vanda af undirbúningi að sölu bankans, meðal annars með hlutafélaga-væðingu hans árið 1997.



**BÚNAÐARBANKINN KEYPTUR** Gengið frá sölnni árið 2003. Geir H. Haarde, þáverandi fjármálaráðherra, fylgdist með en Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra tekur í hönd Peters Gatti, frá Þýska Hauck & Aufhauser-bankanum. Ólafur Ólafsson, einn forsvarsmanna S-hópsins svonefnda, stendur á milli þeirra. Finnur Ingólfsson er fjarni góðu gannni á myndinni. MARKAÐURINN/GVA

Valgerður og Finnur sitja nú saman í fulltrúaráði Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga.

miðað við ársreikninginn í fyrra, þrátt fyrir að starfsemin sé engin.

#### ÞÁTTUR LANDSBANKANS

Ýmsum félögum í eigu Sambandsins og deildum þess var breytt í hlutafélög um 1990. Var svo til að mynda um skipadeild Sambandsins sem varð að Samskipum hf.

Tap var á rekstri Sambandsins árum saman og fór svo árið 1992 að helsti lánardrottinn þess, Landsbankinn, ákvað að leysa til sín veð í eignum til að gera upp skuldirnar.

#### HÖMLUR

Heildarskuldirnar námu þá hátt í fimm milljörðum króna en miklar eignir voru á móti.

Þær voru meðal annars hlutur í Ólúfélaginu, Reginn, sem meðal annars átti í Íslenskum aðalverktökum, Íslenskar sjávarafurðir, Sambandshúsið við Kirkjusand og Samskip. Auk þessara eigna átti sambandið stórverslunina Miklagarð, hlut í Íslenskum skinnaiðnaði, Jöttni hf., Efnaverksmiðjunni Sjöfn og Dráttarvélum hf.

Enn átti Sambandið hlut í Goða og Kaffibrennslu Akureyrar.

Landsbankinn stofnaði eignarhaldsfélagið Hömlur til þess að gera upp skuldir Sambandsins. Mál þessi voru flókin og ekki

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Skoðanakannanir Fréttablaðsins vekja mikla athygli.

## Já, en hvað þá?

Björn Ingi Hrafnsson

Þegar kemur að umræðum hér á landi um nýtingu náttúruauðlinda og virkjanir í þágu uppbyggingar atvinnufyrirtækja er sú hættu ávallt hendi að orðræðan verði staglkennd. Skipað sé í tvö lið – með eða á móti virkjunum – og frasakenndar fullyrðingar í hvora áttina sem er hljómi á endanum eins og rispuð plata sem fæstir nenna til lengdar að leggja eyrun við.

Engum vafa er þannig undirorpið að hatrammar deilur um virkjanir og stóriðju hér á landi á undanförmum árum hafa gert marga fráhrerfa því að ráðast í frekari framkvæmdir á þessum sviðum. Þeir sem telja eðlilegt að hver þjóð nýti auðlindir sínar með skynsamlegum hætti eiga sjálfkrafa á hættu að vera stimplaðir náttúruniðingur og valkostunum hefur verið snúið á hvolf með þeim hætti að ekki virðist lengur vera unnt að aðhyllast hvort tveggja sjónarmið náttúruverndar og nýtingar. Annaðhvort ertu með eða á móti, er viðhorfið – eins óskynsamlega og það nú hljómar.

Í fréttum Ríkisútvarpsins á mánudagskvöld var rætt við Magnús Árna Skúlason hagfræðing um ástandið í efnahagsmálunum. Upphaf fréttirnar hljómaði svo: „Nýti stjórnvöld hins vegar ekki þau tækifæri sem bjóðast og tryggja áframhaldandi hagvöxt má búast við því að fólk flytji af landi brott eins og raunin varð í efnahagskreppunni 1992-1993,“ segir Magnús Árna Skúlason hagfræðingur.

Síðar í fréttinni sagði svo: „Magnús segir að Íslendingar hafi ekki efni á því eins og nú áráð að hafna framkvæmdum á borð við Bitruvirkjun. Nýta þurfi öll tækifæri, annars megi aðgerðir ríkisstjórnarinnar í fasteignamálum sín lítils. Hann segir að eins og málin standi í dag hafi aðgerðir ríkisstjórnarinnar skapað ákveðið svigrúm.“

Fyrir þá sem á stundum hafa verið sakaðir um markvissan flutning á rispuðum plötum í umræðunni um virkjanir og stóriðju er nokkur fengur að þessum sjónarmiðum frá hagfræðingnum. Raunar má segja að sífellt fleiri hafi stigið fram á sviðið að undanförmum og sett fram þau sjónarmið, sem ýmsir telja kannski augljós, að á tímum alþjóðlegrar olíukreppu og samdráttar í heimsbúskapnum sé ekki rétti tíminn fyrir eina þjóð að varpa frekari möguleikum til orkunýtingar fyrir róða og leggja af frekari áform um virkjanir.

Einnmitt þess vegna er forvitnilegt og í raun stórmerkilegt að rýna í skoðanakannanir sem Fréttablaðið hefur birt síðustu daga; fyrst um fylgi stjórnmalaflokkanna á landsvísi og svo í gær um stuðning við frekari virkjanir á Íslandi fyrir orkufrekan iðnað.

Í fyrrnefndu könnuninni bætti Samfylkingin stórlega við sig á kostnað Sjálfstæðisflokksins, sem einkum tapaði miklu fylgi – ríflega þriðjungi – á landsbyggðinni. Stjórnarandstaðan bætti nokkru við sig, en almennur stuðningur við ríkisstjórnina minnkaði milli kannana og mældist nú ríflega fimmtíu prósent, sem er vitaskuld geysileg breyting frá því stjórnin mældist með vinsældir upp á ríflega áttatíu prósent á hveitibrauðsdögum sínum.

Eins og jafnan í könnunum sem þessum voru sett fram margvíslegar skýringar á fylgisprófuninni, en algengast var að tengja minnkandi fylgi við Sjálfstæðisflokkinn við versnandi horfur í efnahagsmálunum. Sjálfur forsætisráðherrann – ráðherra efnahagsmála – væri með réttu eða röngu sá sem skellinn fengi á sig í slíkum mótvindi og þar með væntanlega líka flokkur hans.

Ef við gefum okkur að þessi kenning sé rétt, að kjósendur Sjálfstæðisflokksins séu óánægðir með efnahagsástandið, ekki síst á landsbyggðinni, og láti það bitna á stuðningi sínum við flokkinn í skoðanakönnunum, er einkar athyglisvert að líta til niðurstaðna könnunarinnar um fylgi við frekari virkjanir.

Niðurstaða þeirrar könnunar er sú að þrátt fyrir niðursveiflu í efnahagslífinu sé meirihluti landsmanna mótfallinn því að meira verði virkjað fyrir orkufrekan iðnað. Sagðist 43,1 prósent svaraenda styðja frekari virkjanir, en 56,9 prósent voru því mótfallin. Skekkjumörk í könnuninni voru 3,7 prósentustig og því munurinn milli hópanna marktækur.

Þetta virðast býna afgerandi niðurstöður. Ekki vekur síður athygli að andstaðan á landsbyggðinni er tæplega sextíu prósent. Hitt kemur væntanlega síður á óvart að stuðningsmenn Samfylkingar og VG eru andvígari virkjunum en aðrir, en stuðningsmenn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Frjálslyndra hafa meirihlutastuðning við frekari virkjanir í sínum röðum.

En ef ekki á að virkja orkuna, hvað á þá að gera? Hvernig á að fá erlenda fjárfesta hingað til lands? Hvernig örvum við hagvöxtinn og sköpum hér fleiri störf? Ekki hefur fengist neitt einhlítt svar við því. Kannski er kreppan ekki komin, úr því að háværi umræða um þessi mál er ekki enn komin á fullt í íslensku samfélagi? Getur verið að niðurstöður sambærilegrar könnunar yrðu aðrar, til dæmis eftir þrjá til fjóra mánuði, ef spár um umfangsmiklar uppsagnir og sveiflur í gengi krónunnar ganga eftir?

Eða er staðan einfaldlega sú að þjóðin vill ekki nýta orkuna með þessum hætti? Ef svo er, hvað vill hún gera þá til að örva hér hagvöxt og tryggja lífsgæði í þessu landi?

**Peir sem telja eðlilegt að hver þjóð nýti auðlindir sínar með skynsamlegum hætti eiga sjálfkrafa á hættu að vera stimplaðir náttúruniðingur ...**

# Frjáls markaður er ekki til

ORÐ Í BELG

**Stefán Snævarr**  
prófessor í  
heimspeki við  
Lillehammer-  
háskóla



**MOLAKENNINGIN**

Stiglitz segir ennfremur að mola-kenning (trickle down theory) frjálshyggjunnar standist ekki. Molakenningarsinnar halda því fram að hinir ríku spari meira en hinir fátæku, sparnaðnum sé fjárfest og allir hagnist á fjárfestingunum. En í Austur-Asíuríkjunum er mikill sparnaður þótt tekjum sé frekar jafnt dreift. Þessi ríki hafi reynt að koma í veg fyrir mikinn ójöfnuð og jafnframt auka hagvöxt. Þeim tókst það, falsspámönnum mola-kenningarinnar til mikillar hrellingar. Ekki eigi falsspámennirnir auðveldar með að skýra þá staðreynd að lífskjör almennings versnuðu á blómaskeiði frjálshyggjunnar í Bretlandi Viktoríutímans. Eða geta molakenningarsinnar skýrt hvers vegna kjör hinna verst staðu vestanhafs versnuðu á níunda áratug síðustu aldar, áratug mikillar markaðs-  
væðingar? Eftir þrjá-  
tíu ára markaðs-  
væðingu ber  
meðal-  
kani

minna úr býtum á unna klukku-stund en hann gerði fyrir daga Reagans um leið og hinir ríku hafa grætt á tá og fingri. Aukinn ójöfnuður síðustu áratuga hafi hreinlega ekki leitt til þess að molar falli af borðum hinna ríku og bæti kjör hinna fátækustu, hvað þá (kven)mansins með meðaltekjunar.

**GAGNRÝNI Á FRIEDMAN**

Ég nefndi gagnrýni Stiglitz á frjálshyggjupostulann Friedman. Að sögn Stiglitz misheppnaðist hin friedmanska efnahagstilraun í Chile. Þar í landi hrundi efnahagurinn árið 1982 eftir sjö til níu ára Friedmans-stefnu. Það árið dróst þjóðarframleiðslan saman um 13,7% og missti fimmti hver verkamaður vinnuna. Þá söðlaði Chile-stjórn um og jók ríkisumsvif á efnahagsviðinu með þrýðilegum árangri. Ríkis-„afskipti“ eru nefnilega ekki alltaf af hinu illa. Bandaríkin og Bretland hafi iðnvæðst bak við tollmúra og hafi það verið hin eina rétta leið til iðnvæðingar eins og ástandið var á þeim árum. Á síðustu áratugum lék Suður-Kórea sama leik og iðnvæðdist fyrir vikið hraðar en nokkurt annað land í veraldarsögunni. Þar í landi má finna einhverjar skilvirkustu stálverksmiðjur heimsins en þær eru allar í ríkiseign. Einu stálverksmiðjurnar sem geta keppt við þær suður-kóresku er að finna í Taívan og eru að sjálfsögðu ríkisreknar. En þetta eru undantekningar sem sanni regluna, yfirleitt eru verksmiðjur betur komnar í höndum einkaaðilja, segir nóbels-hagfræðingurinn. Hann er enda enginn sósíalísti heldur frjálslyndur jafnaðarmaður í orðsins eiginlegu merkingu.

**„Stiglitz styrkist meðan varnir frjálshyggjunnar veikjast.“**

Joseph Stiglitz




ORÐSKÝRINGIN

## Kreppa

Hugtakið kreppa er jafnan notað af hagfræðingum til að lýsa alvarlegum samdrætti í efnahagslífinu. Með samdrætti er átt við að framleiðsla þjóðarþúsins á vörum og þjónustu dregst saman, svo segir á vísindavef Háskóla Íslands.

Einkennin eru meðal annars að þjóðarframleiðsla dregst saman og atvinnuleysi eykst og fyrirtæki halda að sér höndum í kostnaði. Stundum er notað sem þumalputtaregla að ef þjóðarframleiðsla dregst saman að raunvirði tvo ársfjórðunga í röð þá sé hagkerfið í kreppu. Troppur geta vitaskuld verið misharðar, samdrátturinn verið mismikill og mislangur og ekki alltaf ljóst hvenær rétt er að tala bara um samdrátt og hvenær um kreppu.

Ronald Reagan lýsti muninum á kreppu og samdrætti á þann veg að: „Samdráttur er þegar nágranni þinn missir vinnuna, en kreppa er þegar þú missir hana.“



SAGAN Á BAK VIÐ ... BRYNJÓLF BJARNASON, FORSTJÓRA SKIPTA

## Með eindæmum talnaglögur

„Brynjólfur er mjög strategískur stjórnandi og er góður í að sjá stóru myndina. Það hefur komið best í ljós hjá Skiptum þar sem hann hefur verið að þróa starfsemi félagsins. Hann er gríðarlega öflugur rekstrarmaður og með eindæmum talnaglögur,“ segir samstarfsmaður hans um Brynjólf Bjarnason, forstjóra hjá Skiptum.

Eru þessir eiginleikar og áratuga reynsla sögð hafa reynst ómetanleg á undanförunum mánuðum.

Brynjólfur þykir alls staðar hafa náð góðum árangri í rekstri fyrirtækja. Hann er sagður treysta fólki fyrir verkefnum og þykir góður í að skapa góða liðsheid. Honum er lýst sem mjög vinnusömum

manni sem geri miklar kröfur til sjálfs sín og annarra.

Fólki líkar almennt vel að vinna með Brynjólfi og sem dæmi má nefna að einn öflugasti fjármálastjóri landsins, Kristín Guðmundsdóttir, fylgdi Brynjólfi frá Granda til Símans og síðan Skipta.

Brynjólfur er mikill fjölskyldumaður og mjög náinn sinni fjölskyldu. Segja samstarfsmenn að honum takist að láta fjölskylduna njóta forgangs þrátt fyrir annir í starfi sínu.

Brynjólfur er fæddur árið 1946 í Reykjavík. Lauk stúdentsprófi frá Verslunarskólanum árið 1967 og viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1971. Hann lauk síðan MBA-prófi frá

University of Minnesota árið 1973.

Brynjólfur var framkvæmdastjóri Almenna bókafélagsins frá 1976 til 1984 þegar hann var ráðinn framkvæmdastjóri Bæjarútgerðar Reykjavíkur og ári síðar var félagið einkavætt og varð Grandi hf. þá til. Hann starfaði hjá fyrirtækinu til ársins 2002 þegar hann réð sig til Landssíma Íslands.

Tengsl hans við Bakkabræður eru sterk. Brynjólfi voru á sínum tíma kynntar áætlanir Bakkabræðra sem honum leist vel á og árið 1995 hófu Grandi og Bakkavör samstarf.

Frá þeim tíma hafa tengsl Brynjólfs við Bakkabræður verið mikil. Hefur Brynjólfur meðal annars setið í stjórn Bakka-



varar og er nú forstjóri Skipta sem þeir bræður eiga meirihluta í.

Brynjólfur er kvæntur Þorbjörgu Kristínu Jónsdóttur. Þau eiga saman tvö börn en Brynjólfur á fjögur börn frá fyrra hjónabandi.

### SPÁKAUPMAÐURINN

## Við spámenn

Íslenska krónan er handónýtt. Gjörðsamlega vita gagnslaus. Eins og margir vita hefur í gegnum tíðina lítið gagnast að skipta henni út fyrir aðrar myntir í bönkum erlendis – hvað þá á fjarlægari stöðum. Eins og hún hefur fallið núna er maður guðslifandi feginn að hafa skipt henni út fyrir evrur í haust. Þetta var eina tilefnið til að ég signdi mig í fyrra, trúlaus maðurinn. Hitt skiptið var á mánudag þegar ég skrifaði undir jenalánið.

Þetta er besta ástand í heimi fyrir menn eins og mig sem geri lítið annað þessa dagana en að horfa á gamlar skuldir í krónum gufa sjálfkrafa upp og draga síðasta andvarpið milli þess sem ég fer í ræktina og tásnyrtingu.

Við spámenn höfum annars í gegnum aldirnar verið sáraklausir. Á tíðum skemmtilegir, sérstaklega þegar við höfum rétt fyrir okkur – sem er furðu algengt. Við erum auðvitað afar skarpskyggir, hæfilega góðhjartaðir, sæmilega varðir og flottir í tauinu með góðan smekk á víni og konum.

Sjáði Nostradamus, kallinn. Þótt hann hafi ekki beint verið fluttur á því og spádómarnir so og so þá má hafa gaman af því sem hann skrifaði. Já, jafnvel þótt maður botnaði lítið í því sem hann sagði. „Þetta er allt svo opið hjá honum,“ svo maður bregði fyrir sig orðfæri kunningja míns sem horfir til sama kyns.

Þeir eru verri óþokkarnir sem vilja vera spámenn en hafa ekki snefil af hæfileikum til þess, litla skarpskyggni og eru bókstaflega illa þenkjandi. Seðlabankamenn eru í þessum flokki, að margra mati.

Seðlabankinn kastar reglulega fram spádómum um stýrivaxtaferlið, verðbólguþækkni og efnahagslífið. Til að úr rætist er öllu þjósnað til svo hægt verði að kreista fram þá niðurstöðu sem falast var eftir.

Þjósnað er ekki vísdómur. Það er kvikindisskapur, illkvittni sem virðist ætla að færa allt á bólakaf, því miður. Ekki skil ég hvernig þeir Davíð og félagar ætla að monta sig þegar framtíðarsýn þeirra verður að veruleika. Enda skiljanlega strembið að standa í stefni á sokknu skipi.

Spákaupmaðurinn á horninu

**VÍSIR.IS**  
„...ég sá það á vísi“

# Fáðu ferskar íþróttufréttir á hverjum morgni



Fréttablaðið stendur vaktina á hverju kvöldi – líka á laugardögum. Þannig færum við þér nýjustu úrslitin og staðgóða umfjöllun á morgunverðarborðið hvern einasta morgun.\*

\*Sunnudagsútgáfa Morgunblaðsins er prentuð á laugardegi áður en íþróttáúrlit dagsins liggja fyrir og 24 stundir koma hvorki út á sunnudögum né mánudögum. Auk þess fara 24 stundir í prentun aðra daga áður en íþróttaleikjum kvöldsins er lokið. Fréttablaðið er eina dagblaðið sem færir þér ferskar íþróttufréttir alla morgna vikunnar, líka á sunnudögum.

Allt sem þú þarft – alla daga



# Saddam Hussein var meginóvinur Al-Kaída-samtakanna

Dr. Tom G. Palmer, varaforseti alþjóðamála hjá Cato-samtökunum, var á Íslandi á dögnum á vegum Sumarháskóla Rannsóknarmiðstöðvar samfélags- og efnahagsmála á Bifröst. Hann telur árásina í Írak hafa verið vind í segl Al-Kaída. Víðir Smári Petersen blaðamaður ræddi við hann um störf hans og skoðanir.

**D**r. Tom G. Palmer er 52 ára gamall doktor í stjórnmálavísindum sem starfar hjá Cato-samtökunum. Samtökin eru alþjóðleg samtök, byggð á hugmyndum frjálshyggju um baráttu fyrir frelsi, friði og mannréttindum í heiminum. Hann var á vegum Sumarháskóla Rannsóknarmiðstöðvar samfélags- og efnahagsmála (RSE) á Bifröst á dögnum.

## VÍÐTÆKAR STARFSKYLDUR

„Ég hef miklar skyldur innan samtakanna. Ég er varaforseti alþjóðamála hjá samtökunum og sé um að halda námskeið og fyrirlestra um frelsi í viðskiptum í löndum þar sem lítið frelsi ríkir.“

Hvar starfarðu þá aðallega?

„Ég hef mikið starfað í Rússlandi, Kína og Mið-Austurlöndum.“

Er ekki lítið um frelsi sums staðar í Mið-Austurlöndum? „Það er mikill misskilningur að múslimar séu ekki frelsisunnendur. Þeir eru auðvitað mismiklir unnendur frelsisins en öfgahóparnir skyggja á þá hugsjón. Ég held að til skamms tíma lítið verði mikið af styrjöldum í heimi múslima milli öfgahópa og þeirra sem vilja lýðræði en til lengri tíma lítið muni frelsi og lýðræði sigra að lokum.“

## RANGT AÐ RÁÐAST INN Í ÍRAK

Hvað fannst þér, sem hefur starfað mikið í Mið-Austurlöndum, um innrásina í Írak? „Það var röng ákvörðun að ráðast inn í Írak. Utanríkisstefna Bush-stjórnarinnar er auðvitað fátíð. Það er vítað mál að Saddam Hussein var trúleysingur og hataði Al-Kaída. Hann drap alla Al-Kaída-meðlimi sem komu inn í Írak. Þess vegna má segja að Bandaríkjamenn hafi í raun gert Al-Kaída greiða með því að steypa stærsta óvini þeirra af stóli.“

Hvað hefðir þú gert í staðinn ef þú hefðir verið forseti?

„Ég hefði gert það sem Cato-samtökin gera víðs vegar um heiminn. Samtökin hafa verið að fræða fólk um frelsi og lýðræði í múslimaheiminum, til dæmis með því að þýða bækur eins og Frelsið eftir John Stuart Mill sem var á metsölulista í nokkrum arabaríkjum í langan tíma.“

Finnst þér stríð almennt röng leið til að vinna baráttuna gegn hryðjuverkum?

„Já, klárlega. Það er ekki hægt að vinna vonda hugmyndafræði nema með betri hugmyndafræði. Því tel ég ómögulegt að reyna að vinna það sem ég tel vonda hugmyndafræði með byssukúllum. Í staðinn er best að uppfræða fólk.“

## SEGIR PÚTÍN HÆTTULEGAN HEIMINUM

Hvernig finnst þér staðan í öðrum löndum sem þú hefur verið að vinna í?

„Í Rússlandi er í raun og veru einræði. Þar hefur leynilögregla ríkisins tekið yfir öll viðskipti landsins, fjölmiðla og annað. Ég tel Vladimir Pútín hættulegan heiminum.“

En nú ert þú hægrimaður og Vladimir Pútín og George Bush hægrimenn, af hverju gagnrýnirðu þá?

„Ég vil ekki setja frjálshyggjuna á neinn vinstri eða hægri ás. Frjálshyggjan er stefna sem snýst um baráttu fyrir friði, frelsi og mannréttindum. Ég studdi ekki árásina í Írak, af því ég styð frið, en repúblíkanar gerðu það. Cato-stofnunin hefur verið dugleg við að gagnrýna viðskipta- og utanríkisstefnu Bandaríkja undanfarnin ár og því set ég mig alls ekki



DR. TOM G. PALMER Hann segir Íslendinga geta horft suður til Írlands í efnahagsmálum. Hann segir fyrirtækjaskatta þurfa að lækka til að halda innlendum og erlendum fjárfestum í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

í skoðanahóp með George Bush, hvað þá Vladimir Pútín.“

**OBAMA NÆSTI FORSETI BANDARÍKJANNA** Hver telur þú að vinni kosningarnar í Bandaríkjunum?

„Ég held að það þurfi mikið til svo að Barack Obama vinni ekki. Það eina sem getur orðið honum að falli er ef hann segir eða gerir eitthvað heimskulegt í aðdraganda kosninganna. Ég held að Obama sé fínn maður og að hann hlusti á fólk. John McCain er ágætur en áhersla hans á innrás í Íran finnst mér öfgakenn. Þessi kenning margra um að kosningarnar muni snúast um litahátt er held ég ekki rétt. Ég held í fyrsta lagi að John McCain muni aldrei leggast svo lágt. Í öðru lagi tel ég Bandaríkjamenn vera tilbúna til að kjósa blökkumann til áhrifa í landinu.“

## EINA LAUSNIN Á OLÍUMÁLUM ER MARKAÐURINN

Blaðamaður mátti til með að spyrja út í olíuvandann sem hrjáir heimsbyggðina.

„Ég tel að eina lausnin sé að leyfa markaðnum að ráða. Ef fólk er tilbúið fyrir aðra orkugjafa verða þau fyrirtæki sem nota slíkan orkugjafa ofan á í samkeppninni. Það sem er þó merkilegt er að þeir sem vildu á sínum tíma hækka olíu með sköttum til að koma í veg fyrir gróðurhúsaáhrif eru nú alveg brjáláðir út af háu olíuverði. Það er ákveðin hrænsni. Lítur út fyrir að þeir hafi eingöngu viljað hafa bensíníð hærra með sköttum. Miklar breytingar hafa orðið í Bandaríkjunum eftir að olíuverð hækkaði upp úr öllu valdi. Bandaríkjamenn keyra miklu minna, eru sparsamari á bensíníð og nota hjólin sín meira.“

## ÞJÓÐNÝTING VITLEYSA

Heldurðu að mörg fyrirtæki verði þjóðnýtt í kreppunni?

„Nei, það held ég ekki. Það er auðvitað ekki skrytið að fólk sem rekur einka-fyrirtæki vilji láta ríkið grípa inn í þegar illa gengur. Á hinum frjálsa markaði eiga fyrirtæki að fara á hausinn þegar þau

standa sig illa, svo einfalt er það. Þá geta önnur fyrirtæki tekið við á markaðnum og þannig skapast hin heilbrigða samkeppni.“

Eykur það ekki líkurnar á einokun?

„Nei, alls ekki. Það hefur einmitt öflug áhrif. Þetta skapar heilbrigða samkeppni milli fyrirtækja. Hitt skapar miklu frekar einokun þegar fyrirtæki eru keypt af ríkinu og þjóðnýtt. Fyrirtæki eiga alltaf að vera hrædd við að fara á hausinn því það eykur heilbrigða samkeppni þar sem báðir aðilar græða. Í þeim tilvikum þegar ríki eru að fjárfesta með skattpeninga borgara sinna eins og í Rússlandi og mörgum arabaríkjum fara skattborgar að reiða sig á ríkisvaldið frekar en að ríkisvaldið reiði sig á borgarana. Fjárfestingar ríkisfyrirtækja eru oft af pólitískum toga frekar en vel ígrundaðar og þess vegna getur þetta skapað glundroða.“

## PURFUM ALLTAF AÐ VERA Á VARÐBERGI

Telur þú að frelsið í hinum vestræna heimi sé komið til að vera?

„Ég held að við þurfum alltaf að standa vörð um frelsi okkar. Það er gamall máls-háttur á ensku sem segir að kostnaðurinn við frelsi sé að vera alltaf á varðbergi. Maðurinn er í eðli sínu stjórnsumur og vill stjórna öðrum og vera yfir aðra hafinn. Við þurfum að temja okkur þann hugsunarátt að ég lifi mínu lífi og þú lifir þínu lífi. Þó að ég hafi kannski miklar skoðanir á því hvernig þú ættir að lifa þínu lífi á ég ekki að reyna að þröngva þeim skoðunum upp á þig.“

## HAFI ÍRLAND SEM FYRIRMYND

Hvernig finnst þér Ísland hafa staðið sig í efnahagsmálum?

„Ég tel Íslendinga vera mjög vel setta. Landið er aðlaðandi og með frekar frjálst hagkerfi. Mörg önnur lönd ættu að taka Ísland sér til fyrirmyndar. Til dæmis ættu aðrar þjóðir að taka upp kvótakerfi að íslenskri fyrirmynd ef þær vilja veiða fisk til langs tíma. Mér finnst þetta álit Mannréttindanevndar Sameinuðu þjóðanna mjög furðulegt því kvótakerfið skerðir alls ekki atvinnufrelsi. Þetta er einungis tæki til að hjálpa Íslendingum við að nýta sér útflutning á fiski í lengri tíma.“

Að lokum fannst blaðamanni að hann yrði að spyrja hvort Palmer hefði einhver ráð handa íslenskum stjórnvöldum í efnahagsmálum og hvort við ættum að taka einhverjar þjóðir okkur til fyrirmyndar.

„Fyrirtækjaskattar eiga að vera mjög lágir til þess að laða erlend fyrirtæki að landinu. Jafnframt má ekki gleyma að lægri fyrirtækjaskattar halda innlendum fyrirtækjum inni í landinu. Írar hafa sett gott fordæmi. Mikil fólksfækkun hafði verið á Írlandi í áratugi þangað til skattar voru lækkaðir. Nú er Írland kjörstaður fyrir fjárfesta og ekki nóg með að Írar haldi sínu eigin fólki og fyrirtækjum í landinu heldur hafa erlend fyrirtæki fjárfest mikið þar í landi.“

Bandaríkin tapa til dæmis miklu á fátíðlegu skattkerfi. Þau eru ekki aðeins farin að hrekja erlenda fjárfesta úr landi með háum fyrirtækjasköttum heldur hafa innlend fyrirtæki flust mikið úr landi á síðustu árum en fyrirtækjaskattarnir þar eru um 35 prósent. Vissir þú til dæmis að ef Bandaríkjamannur býr og vinnur hér á Íslandi, þótt það sé í tuttugu ár, þarf hann að borga skatta bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum?“

## Helmingur eftir

Úrvalsvisitalan hefur lækkað um rúmlega helming á ellefu mánuðum. Hinn 18. júlí síðastliðinn náði visitalan sínu hæsta gildi frá upphafi og stóð í 9.016 stigum en ellefu mánuðum síðar stendur visitalan í 4.439 stigum. Það samsvarar 50,77 prósentu lækkun.


Á sama tímabili hafa 22 félög lækkað, eitt staðið í stað og fimm hækkað.

Af þessum félögum eru FL Group og Tryggingamiðstöðin á leið af markaði og þess má geta að Spron kom ekki á markað fyr en í október síðastliðnum.

- bpa

## LÆKKUN VÍSITÖLUNNAR

Úrvalsvisitala kauphallarinnar hefur lækkað um 50,77 prósent á ellefu mánuðum.



## MESTU LÆKKANIR

SPRON	-79,37
FL GROUP	-78,47%
Exista	-78,24%
Icelandic Group	-71,52%
365	-67,35%

## MESTU HÆKKANIR

Century Aluminum	40,33%
Atlantic Petroleum	38,18%
Alfesco	18,37%
Tryggingamiðstöðin	18,24%
Nýherji	12,82%

## Minni framlegð olíufélaga

Framlegð olíufélaganna á sölu bensíns hefur dregist saman úr 78 prósentum í október í fyrra í 46 prósent í apríl. Framlegð í sölu díselolíu hefur einnig dregist saman úr 60 prósentum í 29 prósent á sama tímabili segir í skýrslu starfshóps á vegum Fjármálaráðuneytisins.

Hlutur olíufélaganna hefur því dregist saman að undanfögnu og segir í skýrslu um þróun eldsneytisverðs að olíufélagin virðist ekki hafa fært alla hækkun innkaupsverðsins yfir á neytendur þótt mjög hafi verið kvartað yfir því.

Framlegð er tekjur að frá-dregnum breytilegum kostnaði. Í skýrslunni er framlegð reiknuð sem endanlegt söluverð að frá-dregnum sköttum og vörugjaldi ásamt reiknuðu innkaupsverði, sem hlutfall af innkaupsverði.

Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri N1, segir að starfs-



**GEFUR LÍTIÐ FYRIR NIÐURSTÖÐUNA** Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, segir að framlegð félagsins sé stöðug yfir lengra tímabil og hafi ekki dregist jafn mikið saman og skýrsla ráðuneytisins segir til um.

MARKAÐURINN/ANTON

aðferðir félagsins séu þær sömu og áður og ákaflega erfitt sé að segja til um hvort framlegðin hafi dregist saman án nákvæmra skoðunar á þeim aðferðum sem beitt var við skýrsluna.

Hermann segir að margir þættir liggi að baki verðlagningu olíufélaganna en hlutur þeirra hafi ekki dregist jafn mikið saman og hann segir að framlegð olíufélaganna hafi dregist eitthvað saman en ekki jafn mikið og komi fram í skýrslu fjármálaráðuneytisins.

- bpa

## JJB Sports enn orðað við yfirtöku

Orðrómur fór á kreik í gær að Chris Ronnie, forstjóri bresku íþróttavöruekjunnar JJB Sports, ætli að leggja fram yfirtökutilboð í félagið og taka það af markaði. Ekki liggur fyrir hvort Exista geri tilboð í verslunina með forstjóranum. Ýjað var að yfirtöku Existu í fyrra.

Exista keypti 29 prósent hlut í JJB Sports með forstjóranum á genginu 275 pens á hlut fyrir ári og nálægt hæsta gildi. Verðið nam 190 milljónum punda, jafnvirði 24 milljarða króna á þávirði. Nokkru eftir kaupin varð ljóst að Englendingar tækju ekki þátt í EM í knattspyrnu. Þá þrengdi að í smásölugeiranum.

Gengi bréfa í félaginu lækkaði hratt í kjölfarið, stóð í 117 pensum á hlut í gær. Fréttaveita Bloomberg segir yfirtökutilboð hljóða upp á 160 til 180 pens á hlut.



**STJÓRNENDURNIR** Óvíst er hvort stjórnendur Existu geri yfirtökutilboð í JJB Sports ásamt forstjóranum.

MARKAÐURINN/GVA

Ekkert liggur fyrir um hvort hluthöfum líki tilboðið. Viðmælendur Markaðarins töldu hins vegar að þeir geri sér grein fyrir að hámarksgengi hefði verið náð.

Því sé allt eins gott að fara úr hluthafahópnum nú frekar en síðar.

- jab

## Efnahagsmál í aðdraganda þjóðarsáttar

ÞÓRÐUR FRÍÐJÓNSSON,  
FORSTJÓRI KAUPHALLARINNAR.



Þetta var góður tími,“ var ég að hugsa þegar ritari forsætisráðherra birtist í dyragættinni og sagði: „Ráðherrann vill tala við þig“. Ég var á skrifstofu minni í Stjórnarráðinu vorið 1983 að taka saman föggur mínar eftir nær fjögurra ára starf sem efnahagsráðgjafi fráfarandi forsætisráðherra Gunnars Thoroddsens. Ferðinni var heitið upp í Háskóla Íslands að kenna hagfræði. Steingrímur Hermannsson hafði fyrr um daginn tekið við embætti forsætisráðherra. Ég skokkaði niður á skrifstofu Steingríms og óskaði honum til hamingju með embættið. Eftir stutt spjall á almennum nótum sagði Steingrímur: „Ég hef áhuga á að biðja þig um að verða efnahagsráðgjafi minn“.

Þetta kom mér nokkuð á óvart. Að vísu höfðum við átt ágætt samstarf en þó ekkert sérstaklega náid. En meira er um vert að ég kom úr annarri átt, var sjálfstæðismaður og markaðssinni, sumir kölluðu mig jafnvel frjálslyggjumann – ef til vill hófsaman en frjálslyggjumann engu að síður. Þetta vissi Steingrímur að sjálfsgöðu. Þótt þessi hugsun hefði ekki hvarflað að mér fyrir fund okkar þá hafði ég strax einhvern veginn góða tilfinningu fyrir því að vinna með Steingrími. Eftir stutta umhugsun sagði ég því efnislega já með hefðbundnum fyrirvörum um að ég þyrfti að ræða við mína nánustu og ganga frá málum mínum gagnvart Háskólanum.

Til að gera langa sögu stutta var ég mættur rétt upp úr klukkan átta morguninn eftir á gömlu góðu skrifstofuna – og fyrsta verk var auðvitað að taka upp úr kóssunum og koma öllu í fyrra horf. Fram undan voru mörg verkefni.

### VÍTAHRINGUR VERÐBÓLGUNNAR

Ekki fór þó á milli mála hvert var meginverkefni ríkisstjórnarinnar fyrsta kastid eftir myndun hennar. Það var „að brjótast út úr vítahring verðbólgunnar“, eins og það var orðað í stefnuýfirlýsingu. Fyrstu ráðstafanir ríkisstjórnarinnar voru tiltölulega hefðbundnar við svona aðstæður. Þær miðuðust við að stöðva þá óheillaþróun sem einkennt hafði efnahagsmálin í aðdraganda kosninganna og skapa svigrúm til að koma á umbótum til lengri tíma. Þannig voru verðbætur á laun felldar úr gildi, lagt bann við gerð nýrra kjarasamninga í níu mánuði og gengið lækkað umtalsvert. Mildandi ráðstafanir í þágu launafólks og lífeyrisþega voru jafnframt hluti af pakkanum svo og stuðningsaðgerðir við sjávarútveg.

Eins og af þessu má sjá var flest klappað í stein svona í byrjun stjórnartímabilsins. Eina tillögu lagði ég þó fyrir Steingrím á fyrsta eða öðrum degi sem mér þykir ávallt vænt um. Það var að hefja mánaðarlegar mælingar á vísitölu verðlags. Þótt ótrúlegt megir virðast nú voru skoðanir um þessa tillögu skiptar á þessum tíma. Steingrímur var þó strax jákvæður og var henni hrint í framkvæmd

skömmu síðar. Þetta skref reyndist mikilvægt þegar leið á haustið og veturinn því það gaf færi á að fylgjast náid með árangrinum í baráttunni við verðbólguna og hélt mönnum tvímælalaust betur við efnið. Það má ef til vill líkja þessu við manneskju í megrunarkúr, það er hvetjandi að sjá árangurinn frá degi til dags.

Árangurinn í viðureigninni við verðbólgu lét ekki á sér standa. Þegar á haustdögum var verðbólgan komin í um 15 prósent og hafði ekki mælst minni í áratug. Til að áréttá enn frekar hversu mikill þessi árangur var má nefna að verðbólgan á áttunda áratugnum var að meðaltali 34 prósent á ári og rúmlega 60 prósent á fyrstu árum níunda áratugarins. Alþjóðaefnahagsstofnanir rómuðu einnig mjög þessi umskipti í verðlagsmálum á Íslandi. Þannig talaði OECD til að mynda um „dramatískan“ árangur og IMF tók í sama streng. Þegar á allt er litið má segja að fyrri ríkisstjórn Steingríms (1983-1987) hafi komið verðbólgunni niður í um 20%, eða nær helmingað hana frá áratugnum á undan. Þetta voru því kaflaskil í baráttunni við verðbólguna. Í seinni ríkisstjórn Steingríms (1988-1991) var verðbólgu-draugurinn í raun kveðinn niður. Þá fór verðbólgan í eins stafs tölu í fyrsta skipti í tvo áratugi. Hún var 7,3 prósent frá upphafi til loka árs 1990.

Verðbólgan var fyrirferðarmikil í allri umræðu um efnahagsmál á valdatíma fyrri ríkisstjórnar Steingríms – og var það að vonum. En fyrir vikið gleymist oft að þessi ríkisstjórn var í raun mikil umbótastjórn, hún gerði ýmsar mikilvægar breytingar á innri gerð hagkerfisins sem lögðu grunn að mun öflugri þjóðarbúskap til framtíðar. Til marks um þetta má sérstaklega nefna að aflamarkskerfið verður til á þessum árum, verð á vöru og þjónustu var gefið frjálst, fyrstu skrefin voru stigin í átt til vaxtafrelsis og ákvörðun var tekin um staðgreiðslu tekjuskatts einstaklinga. Þetta eru allt gríðarlega

stór og mikil framfarumál sem áttu eftir að gjörbreyta efnahagslífi þjóðarinnar – færa það í nútímalegra og traustara horf.

### ÞJÓÐARSÁTTIN, TAKA EITT

Samskiptahæfileikar Steingríms komu sér vel við gerð þjóðarsáttarinnar 1986, töku eitt, ef svo má að orði kveða, því að segja má að þjóðarsáttin 1990 hafi verið nokkurs konar taka tvö, svona til að fullkomna sköpunarverkið. Þessir samningur byggðust á mjög nánu og traustu sambandi við fulltrúa vinnumarkaðarins. Ekki sist skipti máli að leyfa frumkvæðinu að haldast á taflborði samningsaðilanna á vinnumarkaði en um leið koma skýrum skilaboðum til þeirra á bak við tjöldin um hvað væri raunsætt í kröfugerð þeirra á hendur ríkinu. Þarna skipti máli að hafa nána tilfinningu fyrir stöðunni og geta rætt í trúnaði og með opnu hugarfari við lykilmenn á vinnumarkaði – og reyndar einnig í embættiskerfinu.

### ÞJÓÐARSÁTTIN, TAKA TVÖ

Taka tvö, þjóðarsáttin 1990, hafði áþekkan aðdraganda og þjóðarsáttin fjórum árum áður, taka eitt, var því góð æfing fyrir hana. Enginn vafi er á því að sterk persónuleg tengsl og trúnaður skiptu þar meginmáli. Frumkvæðið var sem áður hjá fulltrúum vinnumarkaðarins en Steingrímur var að sjálfsgöðu inni í öllum málum og stýrði því sem sneri að aðkomu ríkisstjórnarinnar. Jafnframt unnu Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki náid með samningsaðilum. Hlutverk Þjóðhagsstofnunar var að meta verðlagsáhrif samninganna og hliðarráðstafana þeirra. Ef til vill er ekki rétt að tala um hliðarráðstafanir því þær voru gríðarlega umfangsmiklar enda var þeim stundum líkt við efnahagskafli í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar. Til marks um þetta má nefna að þessi „stjórnarsáttmáli“ náði til vaxta og gengis krónunnar, skatta, verðs á opinberri þjónustu, búvöruverðs, almennra

verðlagsmála, áforma um að leggja fram lagafrumvörp og launaþróunarannarra launþega en ASÍ-félaga. Jafnframt var fjallað um viðskiptakjör og hagvöxt á samningstímanum sem grunnforsendur þjóðarsáttarinnar.

Það er ekki ofsögum sagt að fáir trúðu á þjóðarsáttina fyrir utan þann hóp sem var að vinna að henni – og jafnvel innan hópsins gætti stundum efasemda. Í þessu sambandi má nefna að Stjórnunarfélag Íslands efndi til spástefnu í lok árs 1989, skömmu áður en þjóðarsáttin var fullmótuð. Í stuttu máli var almenn niðurstaða spástefnunnar að verðbólga yrði á bilinu 20-30 prósent á árinu 1990. Til samanburðar var spá Þjóðhagsstofnunar um 6-7 prósent verðbólgu á árinu 1990 lögð til grundvallar samningunum. Eins og kunnugt er varð niðurstaðan 7,3 prósent þannig að heita má að samningsaðilar og stjórnvöld hafi verið „right on target“. Svona lítil hafði verðbólgan ekki verið í tuttugu ár. Þessir samningar mörkuðu því tímamót í íslenskum þjóðarbúskap, loks komst Ísland í hóp þróaðra þjóða sem höfðu viðunandi tök á verðbólgu.

### ÖGN VIÐ SAMNINGANA

Ekki voru öll mál leyst með þjóðarsáttinni. Hæfileikar Steingríms og traust tengsl við aðila vinnumarkaðarins nýttust ekki einungis vel í aðdraganda hennar heldur einnig í kjölfarið. Ég ætla hér að láta nægja að nefna tvennt sem kom upp og raunverulega ógnaði samningunum. Fyrra atríðið – og reyndar nokkuð skondið – sneri að óvæntum bata í viðskiptakjörum á fyrstu mánuðum þjóðarsáttarinnar. Góðæri rak á fjórum sjávarútvegsins í formi gríðarlegra hækkana á verði sjávarafurða. Hvernig gátu svo góð tíðindi teft í tvísýnu þjóðarsáttinni? Jú, hækkun fiskverðs gat haft í för með sér launahækkun sjómanna og í framhaldi leitt til þenslu, launaskriðs og verðbólgu. Stemmt var stigi við þessu með því að setja lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og beina stórum hluta tekjaukans inn í sjóðinn til sveiflujöfnunar í greininni.

Seinna atríðið er „tímasprengjan“ víðfræga, eins og Einar Oddur Kristjánsson, formaður VSI, kallaði ákvæði í kjarasamningum BHMR um að félagsmenn fengju aukalega sambærilegar hækkanir og aðrir launamenn í samningum næstu árin. Tímasprengjan var aftengd en það var flókið og vandasamt verk – það hefði svo sannarlega verið auðvelt að ruglast þar á pólitískum þráðum og hleypa öllu í bál og brand. Í lausn beggja þessara mála lék Steingrímur aðahlutverkið.

- Grein þessi er stýtt útgáfa af erindi, sem Þórður flutti á laugardag á málþingi til heiðurs Steingrími Hermannssyni, fv. forsætisráðherra, áttáttum. Milli-fyrirsagnir eru blaðsins.



**PERSÓNUR OG LEIKENDUR Í ÞJÓÐARSÁTTARSAMNINGUNUM** Það mæddi mikið á ríkisstjórn Steingríms þegar þjóðarsáttin var í burðarlíðum. Hér er fundur í Ráðherrabústaðnum og sjá má Jón Baldvín Hannibalsson, Guðmund J. Guðmundsson, Þórarín V. Þórarinnsson, Einar Odd Kristjánsson, Ólaf Ragnar Grímsson og Steingrím Hermannsson.

## DAGUR Í LÍFI ...

Guðnýjar Örnú Sveinsdóttur, fjármálastjóra Kaupþings

**07.15** Klukkan hringir, leggst aðeins aftur á koddann, næ títu mínútum í viðbót.

**07.30** Kristinn opnar hurðina, harkalega, þetta er merkið, vakna og hefja morgunverkin.

**08.15** Lagt af stað með guttann í leikskóla, hann er syngjandi glaður að venju. Unglingarnir á leið í vinnuskólann, fulloröna fólkið í vinnuna.

**08.45** Sest við skrifborðið mitt með tebollann, tilbúin í daginn, byrja á að lesa póst.

**09.00** Næsti klukkutími fer í að lesa póst og vinna ýmsa undirbúningsvinnu vegna fundar með greiningaraðilum. Mikið um spurningar þessa dagana um stöðu efnahagsmála á Íslandi.

**10.00** Farið yfir fjárhagstölur maímánaðar, sendi spurningar og athugasemdir til dótturfélaga og móðurfélags.

**11.00** Móttaka hjá frú Vigdís Finnbogadóttur, afhending þakkar-gjafar frá íslenskum konum til Vigdísar.

**12.30** Hádegismatur í mötuneyti bankans.

**13.00** Unnið í tölvupósti, svara ýmsum fyrirspurnum og fylgi eftir verkefnum í vinnslu.

**15.00** Fundur til að fara yfir næstu skref í IT-innleiðingarverkefnum. Stórt verkefni þar sem stöðugt þarf að endurmeta hvort verið sé að fara bestu og hagkvæmstu leiðina.

**16.15** Skrepp heim, þarf að keyra aðra dóttur mína til læknis.

**17.30** Mæti í móttöku hjá Auði Capital. Þær stöllur, Kristín og Halla, hafa boðið til veislu til að fagna starfsleyfi og opnun félagsins. Skemmtileg stund þar sem ég hitti margt fólk.

**19.30** Komin heim, kvöldmatur og spjall við unglingsdæturnar. Síðan breytist ég í dreka sem riddarinn, þriggja ára sonur minn, vill koma fyrir kattarnef.

**21.00** Ég fæ það hlutverk að lesa fyrir svefninn fyrir drenginn, ómetanleg stund sem við hjónin reynum að skipta bróðurlega á milli okkar.

**21.30** Komin fram aftur, sest og les yfir tölvupóst, svara nokkrum fyrirspurnum.

**22.30** Helgin skipulögð, stefnt á að fara í útilegu, en taka verður mið af veðri og vindum.

**23.00** Sofnuð eftir nokkrar blaðsíður í spennubók, mun líklega taka mig árið að klára bókina með sama áframhaldi.



GUÐNÝ ARNA Fer yfir greiningarvinnu með samstarfsmanni hjá Kaupþingi. MARKAÐURINN/VILHELM



JÓHANNA OG NICHOLAS Þau segja að yfirlýsing Davids Karsbøl um að skuldatryggingaálag Kaupþings benti til þess að bankinn gæti orðið gjaldþrota innan nokkurra mánaða og samlíking Íslands við Simbabwe hafi komið þeim í opna skjöldu. AÐSEND MYND

# Velvilji hjá Saxo Bank í garð Íslands

Hjá danska bankanum vinna nú sex Íslendingar. Almennt njóta íslensk fyrirtæki trausts og virðingar í Danmörku.

Annas Sigmundsson  
skrifar

„Saxo Bank hafði samband við okkur eftir að hafa verið bent á okkur,“ segja þau Jóhanna Ríkarðsdóttir viðskiptafræðingur og Nicholas Albert O’Keeffe, sérfræðingur í viðskiptaþróun. Þau Jóhanna og Nicholas eru á meðal sex Íslendinga sem nú vinna hjá danska bankanum Saxo Bank. Á þeim tíma sem Saxo Bank hafði samband við þau vann Nicholas að doktorsritgerð sinni við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn (CBS) og Jóhanna stundaði meistaranám við sama skóla.

Varðandi umfjöllun danskra fjölmiðla um íslenskt efnahagslíf á undanförunum árum segja þau að oft rati neikvæðar greinar í dönskum blöðum auðveldar í fjölmiðla á Íslandi. Færa megi rök fyrir því að efnisinnihald endurspeglar oft þekkingarleysi blaðamanna á íslensku efnahagslífi. Í viðskiptalífínu í Danmörku sé þó almennt traust og virðing borin til íslenskra fyrirtækja sem birtist að hluta til í þeirri velgengi sem íslensk útrásarfyrirtæki hafi hlotið í Danmörku.

Aðspurð hvort Danir finni jafnmikið fyrir efnahagsþrengingum nú og við Íslendingar segja þau áhrifin ekki eins mikil í Danmörku. „Dönsk króna er gengistengd evru sem hefur haldið gjaldmiðlinum hingað til öruggum. Hér er umtalsverð lægð á fasteignamarkaðinum og hefur sala dregist saman og verð almennt lækkað á

fasteignum. Samtímis því hafa vextir á langtíma húsnæðislánum hækkað á síðastliðnum tveimur árum, úr rúmum fjórum prósentum í sjö,“ segir Nicholas.

Nicholas og Jóhanna segja að yfirlýsing Davids Karsbøl, yfirmanns í greiningardeild Saxo Bank, um að skuldatryggingaálag Kaupþings benti til þess að bankinn gæti orðið gjaldþrota innan nokkurra mánaða og samlíking Íslands við Simbabwe hafi komið þeim í opna skjöldu.

„Þetta mál fór fyrir brjóstið á Lars Seier Christensen, einum stofnenda og aðaleiganda Saxo Bank, sem hefur sterk persónuleg tengsl við Ísland,“ segir Jóhanna. Þau segja að Saxo Bank líti upp til velgengi íslensku bankanna og taki athafnasemi og metnað þeirra til fyrirmyndar.

Þau ítreka það að viðskiptavinir Saxo Bank hafi ekki skortselt bréf í íslenskum bönkum því bankinn bjóði ekki upp á aðgengi að íslenska markaðinum og ekki sé hægt að skortseltja íslensk fyrirtæki í gegnum Saxo Bank.

Hins vegar sé hægt að taka skortstöður í erlendum fyrirtækjum, þar á meðal í dönskum bönkum með svokölluðum CFD-afleiðum (hlutabréfaafleiður). „Það hefur verið nokkuð vinsælt meðal Íslendinga,“ segir Jóhanna.

Saxo Bank verður með námskeið hérlandis 2. og 3. júlí næstkomandi þar sem fjallað verður meðal annars um viðskipti með gjaldþrota og CFD-afleiður. Segja þau Nicholas og Jóhanna að von sé á góðri þátttöku Íslendinga.

## FRÍSTUNDIN

# Útivist og lestur

Stella Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Kaffitárs, hjólar um borgina á sumrin.

„Yfir sumartímam hjóla ég mikið um borgina,“ segir Stella Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Kaffitárs. Hjólreiðar eru hennar helsta áhugamál. Helgarnar eru nýttar mikið til hjólaferða og ósjaldan er farið upp í Heiðmörk. En í sumar ætla fjölskyldan í hjólaferð til Danmerkur.

„Áhugamál mín tengjast einkum mikilli útiveru. Ég stunda gönguferðir á fjöllum, fer út að hlaupa og ég fer reglulega í ræktina.“ Líkamsræktin er Stella greinilega mjög hugleikin enda segir hún að liður í þessu öllu sé að afstressa sig,

eins og hún orðar það.

Stella býr með fjölskyldu sinni í Fossvoginum. Þar er heldur betur góð aðstaða fyrir hjólreiðafólk. „Við hjólum til dæmis mikið niður í bæ, upp í Grafarholt, jafnvel til Hafnarfjarðar og þar alla leið að álverinu í Straumsvík.“

Hjólið er fyrirtaks samgöngutæki og hljóta fleiri að fara að byrja á því að hjóla, sérstaklega nú á tímum þegar bensín-droppinn verður sífellt dýrari. Stella stingur upp á hjólaferð í stað bíltúrs á kaffihúsi eða labb á pöbbinn. Stella og hennar maður hafa tekið upp á þeim síð

að hjóla á milli kaffihúsa Kaffitárs um helgar í stað þess að ganga eða keyra. Þannig sam-einar Stella áhugamálið og vinnuna, enda hluti af starfi framkvæmdastýranna að vera í sem bestum tengslum við viðskiptavini og starfsfólk.

Fyrir utan útiveruna gefur Stella sér tíma til að lesa. „Við erum fjórtán konur sem hittumst einu sinni í mánuði. Í leshringnum ákváðum við að hafa það fyrirkomulag að lesa til skiptis íslenskar og enskar bækur. Nú erum við að lesa bókina hennar Yrsu Sigurðardóttur, sem heitir Aska, og á næsta fundi verður sú bók rædd.“ - vð

STELLA Stella býr með fjölskyldu sinni í Fossvoginum og hjólar þaðan um alla borgina og lengra, jafnvel alla leið að álverinu í Straumsvík. MARKAÐURINN/GVA



fræðslufyrirlestrar

teymt undir börnum **dansleikir**

færustu knapar landsins

bestu **kvöldvökur**

gæðingar landsins

nýtt glæsilegt barnaleiksvæði

barnagæsla

úrval veitinga landspektir

netkaffi **skemmtikraftar**

frábær aðstaða fyrir fjölskyldur

# LANDSMÓT

HELLA 2008

30. júní - 6. júlí

Það stýttist í

## ævintýrið



Miðasala á [www.landsmot.is](http://www.landsmot.is) og á sölustöðum N1

N1

GLITNIR

samskip

Vátryggingafélag Íslands

HÚSAMÍDJAN

blómaval  
Ícelandic flower

TOYOTA

ICELANDAIR  
HORSE FESTIVAL  
LANDSMÓT  
HELLA 2008  
30. JÚNÍ - 6. JÚLÍ  
ICELANDAIR

## BANKAHÓLFID

### Minnisleysa

Íslensk erfðagreining ku ætla að rannsaka hvaða erfðabættir það séu sem hafi áhrif á minni, athygli og hraða hugsunar. Illkvittir sáu samstundis glitta í gagnsemi rannsóknarinnar. Hægt væri að útbúa próf og síðar lyf með öfugri virkni fyrir þá sem keyptu hlutabréf í DeCode, móðurfélagi ÍE, á gráum markaði fyrir rúmlega sextíu dali á hlut. Gengi bréfanna hefur fallið um tæp hundrað prósent síðan þá og lafað undir dalnum, þannig að fáir eru eftir sem vilja kannast við að hafa fjárfest í félaginu á sínum tíma. Gráglettnir telja heppilegasta nafnið á lyfinu verða eitthvað á borð við Minnisleysa. Eins og stemningin hefur verið í Kauphöllinni upp á síðkastið munu óbreyttir fjárfestar eflaust ekki fúlsa við smáslettu.



### Davíð á mótí?

Sitt sýnist hverjum um ástæður hins bága efnahagsástands. Guðmundur Ólafsson hagfræðingur sagði við Vísi fyrir í vikunni að Seðlabankinn sé orðinn að einu helsta vandamáli þjóðarinnar. Bankinn þverskallist við að fylgja stefnu ríkisstjórnarinnar og besta dæmið sé sú töf sem er orðin á margumræddri lántöku til að styrkja gjaldeyrisfordann.



„Mér skilst að Seðlabankinn taki ekki þetta lán af því að Davíð Oddsson seðlabankastjóri sé á mótí því,“ sagði Guðmundur og telur einsýnt að skipta þurfi út seðlabankastjóranum – í eintölu – og bankaráði Seðlabankans.

### Hverjir láku?

Hinn harðorði tölvupóstur Hreiðars Más Sigurðssonar, forstjóra Kaupþings, til félaga sinna í stjórn Samtaka banka og fjármálafyrirtækja hefur vakið mikla athygli en forstjórinn sagði þar að aðgerðir ríkisstjórnarinnar í málefnum Íbúðalánasjóðs væru „ömurleg tíðindi“. Síðustu daga hefur athyglin hins vegar beinst að þeirri staðreynd að einhver í hinni fámennu stjórn skuli hafa ákveðið að leka tölvuskeytinu í fjölmörgu. Verður vafalaust einhver bið á því að tölvupóstur verði aftur notaður í sam-



skiptum stjórnarmanna og velta má almennt fyrir sér stemningunni innan hennar raða um þessar mundir.

70%

Hækkun bréfa Century Aluminum í Kauphöllinni á árinu. Eina félagið sem hefur hækkad í kauphöllinni á þessu ári að Alfesca undanskildu sem hefur hækkad um 0,43%.

170,4

Gengisvísitalan náði nýjum hæðum þegar hún fór um stund í 170,4 stig á mánudaginn en endaði í 168,15 stigum.

3,7%

Verðbólga á evrusvæðinu síðastliðna tólf mánuði samkvæmt mælingum í maí. Hefur hún ekki mælst meiri í sextán ár.

**empora**  
AUGLÝSINGAVÖRUR

ÍMYND SEM VEX

Upplifðu!

#### Nýjar og ferskar vörur

Vektu eftirtekt og skapaðu þér samkeppnisforskot á markaðnum með því að nota nýjar og ferskar vörur í markaðsstarfi þínu. Með réttu vörunni upplifa viðskiptavinir þínir og starfsfólk ímynd fyrirtækisins á jákvæðan, sterkan og traustvekjandi hátt. Komdu á óvart og sjáðu ímynd fyrirtækisins vaxa!



**www.empora.is**

Sími: 568 1770  
empora@empora.is  
Fiskislóð 45  
101 Reykjavík

# Hvers vegna PwC?

\*connectedthinking

Þekkingarfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.

● Endurskoðun ● Fyrirtækjaráðgjöf ● Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Reykjanesbær [www.pwc.com/is](http://www.pwc.com/is)

PRICEWATERHOUSECOOPERS